

Framkvæmd fjárlaga árið 1996



RÍKISENDURSKOÐUN

mars 1997

Efnisyfirlit

INNGANGUR	5
NIÐURSTÖÐUR	7
HEILDARYFIRLIT	7
FJÁRPÖRF OG LÁNTÖKUR RÍKISSJÓÐS	7
AFKOMA RÍKISSJÓÐS	9
GJÖLD RÍKISSJÓÐS	9
TEKJUR RÍKISSJÓÐS	10
FRAMKVÆMD LÁNSFJÁRLAGA.....	11
ÁRSVERK OG LAUNAKOSTNAÐUR RÍKISSJÓÐS	11
ALMANNATRYGGINGAR	12
GREIÐSLUSTAÐA RÍKISSJÓÐS	13
UPPRUNI OG RÁÐSTÖFUN	13
SAMANBURÐUR VIÐ ÁÆTLANIR.....	13
SAMANBURÐUR VIÐ ÁRIÐ 1995	15
AFKOMA RÍKISSJÓÐS	17
GJÖLD RÍKISSJÓÐS	19
FJÁRLÖG OG FJÁRHEIMILDIR	19
FJÁRHEIMILDIR OG ÚTKOMA	21
SAMANBURÐUR GJALDA VIÐ FYRRA ÁR	23
TEKJUR RÍKISSJÓÐS	29
SAMANBURÐUR VIÐ ÁÆTLANIR.....	29
SAMANBURÐUR VIÐ ÁRIÐ 1995	31
RAUNBREYTINGAR TEKNA	33
ÚTGJÖLD ALMANNATRYGGINGA	35
FRAMKVÆMD LÁNSFJÁRLAGA	39
ÁRSVERK OG LAUNAKOSTNAÐUR RÍKISSJÓÐS	41
ÁRSVERK	41
LAUNAÚTGJÖLD	42
HELSTU MARKMIÐ FJÁRLAGA ÁRIÐ 1996	43
VIÐAUKI 1	49
<i>Stofnanir og fjárlagaliðir sem fóru 7 m.kr. eða meira yfir fjárheimild (m.kr.).....</i>	<i>49</i>
VIÐAUKI 2	51
<i>Stofnanir og fjárlagaliðir sem áttu 7 m.kr. eða meira í ónýttri fjárheimild (m.kr.).....</i>	<i>51</i>

Töflur

TAFLA 1.	LÁNSFJÁRÞÖRF RÍKISSJÓÐS.....	13
TAFLA 2.	FJÁRSTREYMI RÍKISSJÓÐS	15
TAFLA 3.	AFKOMA RÍKISSJÓÐS Á GREIÐSLUGRUNNI	17
TAFLA 4.	AFKOMA RÍKISSJÓÐS Á GREIÐSLUGRUNNI Í SAMANBURÐI VIÐ FYRRA ÁR	17
TAFLA 5.	ÚTGJÖLD RÍKISSJÓÐS SKV. FJÁRLÖGUM OG FJÁRHEIMILDUM.....	19
TAFLA 6.	FLUTNINGUR FJÁRHEIMILDA 1993 - 1996.....	20
TAFLA 7.	FLUTTAR FJÁRHEIMILDIR HJÁ EINSTÖKUM RÁÐUNEYTUM	21
TAFLA 8.	ÚTGJÖLD RÍKISSJÓÐS Í SAMANBURÐI VIÐ ÁÆTLUN	22
TAFLA 9.	ÚTGJÖLD RÍKISSJÓÐS 1995 OG 1996 EFTIR TEGUND	23
TAFLA 10.	ÚTGJÖLD RÍKISSJÓÐS Í SAMANBURÐI VIÐ FYRRA ÁR.....	24
TAFLA 11.	TEKJUR RÍKISSJÓÐS Í SAMANBURÐI VIÐ ÁÆTLANIR	29
TAFLA 12.	TEKJUR RÍKISSJÓÐS Í SAMANBURÐI VIÐ FYRRA ÁR	31
TAFLA 13.	TEKJUR RÍKISSJÓÐS Á FÖSTU VERÐLAGI	33
TAFLA 14.	ÚTGJÖLD VEGNA ALMANNATRYGGINGA 1995 OG 1996	35
TAFLA 15.	ÚTGJÖLD VEGNA LÍFEYRISTRYGGINGA 1995 OG 1996.....	36
TAFLA 16.	ÚTGJÖLD VEGNA Sjúkratrygginga 1995 OG 1996.....	36
TAFLA 17.	ÚTGJÖLD VEGNA SLYSATRYGGINGA 1995 OG 1996.....	37
TAFLA 18.	LÁNSFJÁRÞÖRF A-HLUTA RÍKISSJÓÐS	39
TAFLA 19.	ENDURLÁN RÍKISSJÓÐS.....	39
TAFLA 20.	REIKNUÐ ÁRSVERK HJÁ A-HLUTA RÍKISSTOFNUNUM	41
TAFLA 21.	BREYTINGAR Á TEKJUHLIÐ FJÁRLAGAFRUMVARPSINS.....	46
TAFLA 22.	BREYTINGAR Á GJALDAHLIÐ FJÁRLAGAFRUMVARPSINS	47
TAFLA 23.	HELSTU STÆRÐIR FJÁRLAGA FYRIR ÁRIÐ 1996	47

Inngangur

Samkvæmt 1. grein laga nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun ber stofnuninni að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Að jafnaði hefur stofnunin rækt þessa skyldu sína með útgáfu þriggja skýrslna á ári um framangreint viðfangsefni auk þess sem unnar hafa verið greinargerðir um tiltekna þætti ríkisfjármála að beiðni fjárlaganefndar Alþingis. Í júlí sl. gaf stofnunin út skýrslu um framkvæmd fjárlaga fyrstu sex mánuði ársins 1996 þar sem m.a. var lagt mat á afkomuhorfur ríkissjóðs til ársloka. Í október kom út samsvarandi skýrsla fyrir fyrstu níu mánuði þess árs. Í þessari skýrslu er fjallað um framkvæmd fjárlaga til ársloka 1996.

Skýrslunni má skipta í fimm megin þætti. Fyrst er gerð grein fyrir fjárþörf og afkomu ríkissjóðs á árinu 1996. Þá er fjallað um gjöld ríkissjóðs og þau borin saman við fjárlög, fjárheimildir og útkomu fyrra árs. Í þriðja hlutanum eru tekjur ríkissjóðs til umfjöllunar með samsvarandi hætti. Í fjórða hluta er vikið að útgjöldum almannatryggingakerfisins. Að lokum er svo framkvæmd lánsfjárlaga rakin stuttlega ásamt þróun ársverka og launakostnaðar ríkissjóðs á árinu 1996.

Niðurstöður

Heildaryfirlit

Halli af rekstri ríkissjóðs nam tæpum 12,0 milljörðum króna á greiðslugrunni á árinu 1996. Ef undanskilin eru áhrif af sérstakri innlausn á spariskírteinum, sem fjármálaráðherra tók ákvörðun um á síðasta ári, nam hallinn tæpum 2,0 milljörðum króna. Milli áranna 1995 og 1996 batnaði afkoma ríkissjóðs 9,1 milljarð króna á föstu verðlagi án áhrifa af innlausn.

Tekjur jukust að raungildi um tæpa 10,4 milljarða króna milli ára. Gjöld jukust um 1,3 milljarða króna án innlausnar. Þannig skýra auknar tekjur alfarið þann 9,1 milljarðs króna afkomubata sem varð í rekstri ríkissjóðs milli ára.

Auknar tekjur skýrast fyrst og fremst af almennri uppsveiflu í efnahagslífinu á árinu 1996. Þannig jukust beinir skattar um 3,5 milljarða króna að raungildi milli ára og óbeinir skattar um 7,3 milljarða. Ef litið er til gjaldahliðar ríkissjóðs lækkuðu launaútgjöld og önnur almenn rekstrarútgjöld um 2,0 milljarða króna á föstu verðlagi. Greiðslur sjúkra-, lífeyris- og slysatrygginga voru því sem næst óbreyttar. Á hinn bóginn jukust tilfærsluútgjöld um 2,5 milljarða króna og vaxtagjöld ríkissjóðs jukust um 1,2 milljarða án áhrifa af spariskírteinainnlausn.

Fjárförf ríkissjóðs nam í heild um 52,8 milljörðum króna á árinu 1996. Ef áhrif af títtnefndri spariskírteinainnlausn eru undanskilin nam fjárförfin 35,5 milljörðum króna og lækkaði um 5,2 milljarða milli áranna 1995 og 1996. Minni fjárförf skýrist af bættri afkomu ríkissjóðs og minni lánveitingum til byggingasjóðanna.

Fjárförf og lántökur ríkissjóðs

Verg fjárförf A-hluta ríkissjóðs nam um 52,8 milljörðum króna á árinu 1996. Þar af voru um 31,9 milljarðar króna vegna greiddra afborgana, um

12,0 milljarðar voru vegna rekstrarhalla og 8,2 milljarðar vegna lánveitinga. Þá voru samtals um 754 milljónir króna vegna stofnfjárframlaga og viðskiptareikninga ríkissjóðs.

Fjárförf var mætt með lántöku innanlands að fjárhæð um 25,6 milljarðar króna og erlendum lántökum að fjárhæð um 19,0 milljarðar króna. Hlutfall innlendra lántöku var því um 57,4% á árinu. Innheimtar afborganir af veittum lánun námu alls tæpum 8,3 milljörðum króna. Handbært fé jókst um 47 milljónir króna.

Í áætlun fírlaga, sem grundvallaðist á lánsfjárlögum fyrir árið 1996, var gert ráð fyrir að verg fjárförf næmi um 31,4 milljörðum króna. Frávik frá fírlögum nemur því um 21,4 milljörðum króna. Kemur það aðallega fram á tveimur liðum þ.e. í afkomu ríkissjóðs sem var um 8,0 milljörðum króna verri en ráðgert var og í afborgunum af teknum lánun sem voru um 10,7 milljarða umfram áætlun. Skýringin á þessu liggur fyrst og fremst í sérstakri innlausn á spariskírteinum ríkissjóðs sem fjármálaráðherra tók ákvörðun um á síðasta ári, en hún olli því að vaxtakostnaður ríkissjóðs jókst um 10,1 milljarð króna á greiðslugrunni og afborganir um 7,2 milljarða. Það frávik sem út af stendur má aðallega rekja til aukinna afborgana af erlendum veltílánun og um 2,4 milljarða króna endurláns til Byggingasjóðs ríkisins.

Verg fjárförf nam tæpum 40,8 milljörðum króna á árinu 1995. Er það um 12,1 milljarði króna lægri fjárförf en á árinu 1996. Þannig jókst halli á rekstri ríkissjóðs um 3,1 milljarð króna á greiðslugrunni milli ára og greiddar afborganir jukust um tæpa 17,6 milljarða. Á hinn bóginn minnkuðu lánveitingar um 8,8 milljarða króna. Lántökur jukust alls um rúma 12,5 milljarða króna milli ára, eða úr 32,1 milljarði króna á árinu 1995 í um 44,6 milljarða króna á síðasta ári. Viðbótar lántökur áttu sér stað að nær öllu leyti á innlendum lánsfjármarkaði.

Frá árinu 1992 hefur ekki verið kveðið á um skiptingu innlendra og erlendra lántöku í lánsfjárlögum. Á hinn bóginn hefur fjármálaráðuneytið gert áætlun um skiptingu lánsfjárþarfarinnar. Þannig var gert ráð fyrir að afla í heild um 29,3 milljarða króna á innlendum fjármagnsmarkaði á árinu 1996 og um 13,3 milljarða erlendis. Rauntölur sýna hins vegar um 25,6 milljarða króna innlenda lántöku sem er um 3,7 milljörðum lægri fjárhæð en ráð var fyrir gert. Erlendar lántökur námu um 19,0 milljörðum króna, en það er um 5,7 milljörðum króna hærri fjárhæð en áætlað var.

Afkoma ríkissjóðs

Samkvæmt greiðsluuppgjöri fyrir árið 1996 námu útgjöld A-hluta ríkissjóðs alls 139,7 milljörðum króna og tekjur 127,7 milljörðum. Afkoma ríkissjóðs var þannig neikvæð um tæpa 12,0 milljarða króna á árinu. Ef dregin eru út áhrif af sérstakri innlausn á spariskírteinum ríkissjóðs nemur halli á rekstri ríkissjóðs tæpum 2,0 milljörðum króna. Til samanburðar nam hallinn um 8,9 milljörðum króna á árinu 1995.

Í fjárlögum fyrir árið 1996 var halli á rekstri ríkissjóðs áætlaður rétt tæpir 4,0 milljarðar króna. Í fjárlagafrumvarpi kom fram að lögð yrði sérstök áhersla á að halda vexti útgjalda í skefjum á árinu. Þá kom fram að auknar tekjur myndu alfarið ganga til þess að minnka halla ríkissjóðs.

Í reynd nam tekjuauki um 6,9 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga á síðasta ári vegna mun hagsstæðari þjóðhagsskilyrða en búist var við. Gjöld jukust hins vegar einnig eða um 4,8 milljarða króna án áhrifa af spariskírteinainnlausn. Þannig gekk einungis tæpur þriðjungur af tekjuaukanum til að minnka halla á rekstri ríkissjóðs.

Gjöld ríkissjóðs

Útgjöld ríkissjóðs námu sem fyrr segir alls um 139,7 milljörðum króna á árinu 1996. Útgjöld samkvæmt fjárlögum voru alls um 124,8 milljarðar króna og nemur frávik gjalda því um 14,9 milljörðum króna. Ef áhrif sérstakrar spariskírteinainnlausnar eru dregin út eru gjöldin um 4,8 milljörðum króna hærri.

Í fjárukalögum fyrir árið 1996, sem samþykkt voru á Alþingi í desember sl., var sótt um viðbótarfjárheimildir að fjárhæð um 16,4 milljarðar króna til að mæta umframútgjöldum ársins og tilflutningi fjárheimilda milli ára. Af þeirri fjárhæð fóru tæpir 10,9 milljarðar króna til fjármálaráðuneytis vegna vaxtagjalda. Þá fóru m.a. um 830 milljónir króna aukalega til heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis í tengslum við sjúkratryggingar, um 200 milljónir til að greiða niður halla hjá Ríkisspítölum og tæpar 260 milljónir til samsvarandi verkefni hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Hér er fyrst og fremst um að ræða sparnaðaráform í heilbrigðiskerfinu sem ekki náðu fram að ganga eins og mörg undanfarin ár.

Aukafjárveitingar til annarra ráðuneyta, að frádregnum tilflutningi fjárheimilda milli ára, námu um 1,8 milljörðum króna. Að mati Ríkis-

endurskoðunar er hér að stærstum hluta um að ræða nýjar útgjalda-ákvarðanir sem teknar voru á árinu 1996 fremur en vanáætlanir í forsendum fjárlaga.

Á árinu 1995 námu útgjöld ríkissjóðs alls um 123,3 milljörðum. Gjöld ríkissjóðs hækkðu þannig um 16,4 milljarða króna milli ára eða sem nemur 13,3%. Að raungildi jukust útgjöld um 11,4 milljarða króna eða 8,9%. Launaútgjöld lækkuðu að raungildi um 500 milljónir króna að teknu tilliti til áhrifa af verkfalli kennara á árinu 1995 og flutningi á rekstri grunnskólans frá ríki yfir til sveitarfélaga. Önnur almenn rekstararútgjöld lækkuðu um 825 milljónir króna að raungildii. Útgjöld almannatrygginga voru því sem næst óbreytt. Á hinn bóginn jukust tilfærslur um 2,5 milljarða króna á föstu verðlagi, en það á aðallega rætur að rekja til flutning grunnskólans, og vaxtagjöld jukust um 11,3 milljarða.

Alls 181 fjárlagaliður af um 500 fóru fram úr fjárheimildum á árinu 1996 og nam heildarupphæð þessara umframgjalda um 1,3 milljörðum króna. Á hinn bóginn námu ónýttar fjárheimildir um 2,7 milljörðum króna. Þróun umframgjalda og ónýttra fjárheimilda hefur verið með mjög svipuðum hætti milli ára.

Tekjur ríkissjóðs

Tekjur ríkissjóðs námu alls 127,7 milljörðum króna á árinu 1996. Samkvæmt fjárlögum 1996 voru tekjurnar áætlaðar tæpir 120,9 milljarðar eða um 6,9 milljörðum lægri en raun varð á. Með fjáraulögum sem samþykkt voru á Alþingi í desember sl. var tekjuhlið ríkissjóðs hækkuð um rúma 6,3 milljarða króna.

Frávik tekna frá fjárlögum endurspeglast fyrst og fremst í mun hagstæðari þjóðhagsforsendum en fjárlögin byggðu á. Af einstökum teknaliðum varð mest frávik í tekjuskatti einstaklinga sem var um 3,9 milljörðum króna meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Innflutnings- og vörugjöld urðu um 1,2 milljörðum króna hærri, en af þeirri fjárhæð skýra aukin vörugjöld af ökutækjum um 700 milljónir króna og bensínskattar um 244 milljónir. Þá urðu skattar af einkasöluvörum um 758 milljónum króna hærri en áætlað var, en um 438 milljónir af þeirri fjárhæð eru vegna skila á tekjum ársins 1995 sem ekki var tekið tillit til í áætlun fjárlaga. Innheimta virðisaukaskatts var því sem næst sú sama og fjárlög áætluðu þrátt fyrir mun meiri veltuaukningu. Skýringin á þessu felst að stærstum hluta í auknum innskatti vegna umfangsmikilla fjárfestinga fyrirtækja á síðasta ári.

Tekjur ríkissjóðs námu 114,4 milljörðum króna á árinu 1995. Ríkissjóðstekjur jukust þannig um 13,3 milljarða króna milli ára eða sem nemur 11,6%. Af einstökum liðum nam aukning í beinum sköttum um 4,7 milljörðum króna, en þar er að nær öllu leyti um að ræða auknar tekjur af staðgreiðslu einstaklinga. Tekjur af óbeinum sköttum jukust um tæpa 8,8 milljarða króna eða sem nemur 10,8%. Mesta aukningin á þessum lið kemur fram í tekjum af virðisaukaskatti sem jukust um 3,3 milljarða. Þá má nefna að tekjur af tryggingagjaldi jukust um 2,1 milljarð króna og innflutnings- og vörugjöld jukust um rúma 1,8 milljarða. Af síðari liðnum námu vörugjöld af ökutækjum um 854 milljónum króna, en það má rekja til stóraukins bifreiðainnflutnings á árinu 1996.

Framkvæmd lánsfjárlaga

Samkvæmt 1. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1996 var fjármálaráðherra veitt heimild fyrir hönd ríkissjóðs til að taka lán að fjárhæð allt að 25,3 milljarðar króna á því ári. Samkvæmt 6. grein skyldu lántökur fara fram innanlands eða erlendis. Af heildarlántökum var fjármálaráðherra heimilt skv. 3. gr. að endurlána allt að 5,3 milljarða króna.

Lánsfjárbörf ríkissjóðs á árinu 1996 nam tæpum 44,6 milljörðum króna. Lánsfjárbörfinni var mætt með lántökum innanlands og erlendis að upphæð rétt rúmir 44,6 milljarðar króna. Handbært fé jókst um 47 milljónir. Af heildarlántökum voru um 17,3 milljarðar í reynd skuldbreytingar vegna títtnefndrar innlausnar á spariskírteinum ríkissjóðs. Þá hafði ríkissjóður milligöngu um að afla 2,3 milljarða króna lánsfjár fyrir Byggingasjóð ríkisins á árinu. Að öllu samanlögðu verður því að telja að lántökur ársins hafi rúmast innan heimilda.

Ársverk og launakostnaður ríkissjóðs

Ársverkum hjá þeim stofnunum í A-hluta ríkissjóðs sem starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sér um launagreiðslur fyrir fækkaði um alls 905 eða 4,9% milli árana 1995 og 1996. Heildarfjöldi reiknaðra ársverka var 17.494 á árinu 1996 samanborið við 18.399 árið á undan. Ef hins vegar er tekið tillit til verkfalls kennara á árinu 1995 og áhrifa af flutningi á rekstri grunnskólans frá ríki yfir til sveitarfélaga fækkaði ársverkum um 234 milli ára eða sem nemur 1,2% hlutfallslega.

Launaútgjöld stofnana í A-hluta sem starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sér um launavinnslu fyrir námu alls um 32,6 milljörðum

króna á árinu 1996. Samsvarandi fjárhæð nam á árinu 1995 rúmum 31,1 milljarði króna. Þannig hækkuðu launaútgjöld um tæpa 1,5 milljarða króna milli ára eða sem nemur 4,8%. Að teknu tilliti til kennaraverkfalls og flutnings grunnskólans lækkuðu launaútgjöld um 1,4% að raungildi á síðasta ári.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1996 var áætlað að ársverkum ríkisstofnana myndi fjölga um 2% milli ára án tillits til áhrifa af kennaraverkfalli, en sú fjölgun svarar til tæplega 400 ársverka. Að teknu tilliti til verkfallsins má hins vegar gera ráð fyrir að stefnt hafi verið að tæplega 100 ársverka fækkun á árinu. Eins og áður segir sýna endanlegar tölur um 234 ársverka fækkun sem er heldur meira en að var stefnt.

Almannatryggingar

Á árinu 1996 námu greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga rúmlega 29,3 milljörðum króna. Er það sama fjárhæð að raunvirði eins og á árinu 1995.

Lífeyristryggingar eru stærsti útgjaldaflokkur almannatrygginga og námu útgjöld vegna þeirra um 17,6 milljörðum króna. Að raungildi lækkuðu þessi útgjöld um 110 milljónir króna milli ára frá árinu 1995. Fjárlög gerðu ráð fyrir að bætur lífeyristrygginga hækkuðu um 3,5% milli ára og að afnema skyldi sjálfvirka tengingu þessara útgjalda við verðlag og launaþróun og voru bæturnar hækkaðar samkvæmt því.

Útgjöld sjúkratrygginga námu 11,2 milljörðum króna sem er um 200 milljóna króna raunvirðishækkun frá árinu 1995 eða sem nemur um 1,7%. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að heildarútgjöld lækkuðu um 880 milljónir króna milli ára, en af þeirri fjárhæð voru framlög frá Framkvæmdasjóði aldraðra 330 milljónir króna. Um 40% af útgjaldahækkun frá fyrra ári felst í auknum lyfjakostnaði. Það sem eftir stendur skiptist svo til að jöfnu milli rannsóknarkostnaðar, hjálpartækja, læknakostnaðar og ýmiss sjúkrakostnaðar.

Greiðslustaða ríkissjóðs

Uppruni og ráðstöfun

Verg fjárþörf A-hluta ríkissjóðs nam um 52,8 milljörðum króna á árinu 1996. Af þeirri fjárþörf voru um 31,9 milljarðar króna vegna greiddra afborgana, um 12,0 milljarðar voru vegna rekstrarhalla og 8,2 milljarðar vegna lánveitinga. Þá voru samtals um 754 milljónir króna vegna stofnfjárframlaga og viðskiptareikninga.

Fjárþörf var mætt með lántökum innanlands að fjárhæð um 25,6 milljarðar króna og erlendum lántökum að fjárhæð um 19,0 milljarðar króna. Hlutfall innlendrar lántöku var því um 57,4% á árinu. Innheimtar afborganir af veittum lánnum námu alls tæpum 8,3 milljörðum króna. Handbært fé jókst um 47 milljónir króna.

Tafla 1. Lánsfjárþörf ríkissjóðs

	Útkoma 1996	Fjárheim. 1996	Fjárlög 1996	Greitt 1995
Verg fjárþörf	52.845	52.511	31.431	40.765
-Afborganir veittra lána	8.275	7.360	6.170	7.903
Heildarlánsfjárþörf	44.570	45.151	25.261	32.862
-Afborganir tekinnna lána	31.862	28.750	21.160	14.270
Hrein lánsfjárþörf	12.708	16.401	4.101	18.592

Hrein lánsfjárþörf, þ.e. verg fjárþörf að frádragnum afborgunum vegna veittra og tekinnna lána ríkissjóðs, nam alls 12,7 milljörðum króna eins og fram kemur í ofangreindri töflu.

Samanburður við áætlanir

Í áætlun fjárlaga, sem grundvallaðist á lánsfjárlögum fyrir árið 1996, var gert ráð fyrir að verg fjárþörf ríkissjóðs næmi um 31,4 milljörðum króna á árinu 1996. Af þeirri fjárhæð voru tæpir 4,0 milljarðar króna vegna áætlaðs rekstrarhalla á ríkissjóði, um 21,1 milljarður vegna afborgana af

teknum lánum og 5,3 milljarðar vegna veittra lána til B-hluta ríkissjóðs. Þá var áætlað að verja um 500 milljónum króna til hluta- og stofnfjárframlaga og samsvarandi upphæð til að bæta stöðu á viðskiptareikningum ríkissjóðs.

Verg fjárförf nam sem áður segir um 52,8 milljörðum króna á árinu 1996. Frávik frá fjárlögum nemur því um 21,4 milljörðum króna eða sem nemur um 68%. Kemur það aðallega fram á tveimur liðum, þ.e. í afkomu ríkissjóðs sem var um 8,0 milljörðum króna verri en ráðgert var og í afborgunum tekinnna lána sem urðu um 10,7 milljörðum króna meiri en skv. fjárlögum. Skýringin á þessu liggur fyrst og fremst í sérstakri innlausn á spariskírteinum ríkissjóðs sem fjármálaráðherra tók ákvörðun um á árinu 1996 og ekki hafði verið gert ráð fyrir, en hún olli því að rekstrarkostnaður ríkissjóðs jókst um 10,1 milljarð króna umfram það sem áætlað var og afborganir tekinnna lána jukust um 7,2 milljarða. Þá námu afborganir af erlendum veltilánum umfram nýjar lántökur um 2,5 milljörðum króna og ríkisvíxlar lækkuðu um tæpar 600 milljónir króna. Hvað aðra liði varðar má nefna að lánveitingar ríkissjóðs jukust um 2,9 milljarða króna umfram forsendur fjárlaga, en það má að stærstum hluta rekja til um 2,3 milljarða króna lánveitingar til Byggingasjóðs ríkisins og um 300 milljóna króna lánveitingar til Ofanflóðasjóðs. Á hinn bóginn voru innheimtar afborganir um 2,1 milljarði króna meiri en áætlað var.

Í fjárukalögum fyrir árið 1996 sem samþykkt voru á Alþingi þann 19. desember 1996 var verg fjárförf ríkissjóðs hækkuð um 21,1 milljarð króna þ.e. úr 31,4 milljörðum króna samkvæmt fjárlögum í um 52,5 milljarða. Raunveruleg útkoma varð 52,8 milljarðar króna, sem er um 334 milljónum króna umfram heimild ársins.

Frá árinu 1992 hefur ekki verið kveðið á um skiptingu innlendrar og erlendrar lántöku í lánsfjárlögum. Á hinn bóginn hefur fjármálaráðuneytið gert áætlun um skiptingu lánsfjárþarfarinnar. Þannig var gert ráð fyrir að afla um 12,0 milljarða króna á innlendum fjármagnsmarkaði á síðasta ári og um 13,3 milljarða erlendis. Þá ber að geta þess að sérstök innlausn á spariskírteinum, sem ekki var gert ráð fyrir í lánsfjárlögum, olli því að lánsfjárförf jókst um 17,3 milljarða króna og var gert ráð fyrir að fjármagna hana alfarið á innlendum markaði. Lántökur innanlands voru því áætlaðar í heild um 29,3 milljarðar króna eða 68,7% hlutfallslega. Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu sýna rauntölur um 25,6 milljarða króna innlenda lántöku sem er um 3,7 milljörðum lægri fjárhæð en ráð var fyrir gert. Erlendar lántökur námu um 19,0 milljörðum króna, en það er um 5,7 milljörðum króna hærri fjárhæð en áætlað var.

Tafla 2. Fjárstreymi ríkissjóðs

	Greitt 1996	Heimild 1996	Frávik	Greitt 1995	Breyting 96-95
Uppruni:					
Lántökur					
Seld spariskírteini	20.155	20.500	-345	9.268	10.887
Ríkisbréf	5.264	5.300	-36	3.973	1.291
Önnur innlend fjáröflun	195	0	195	0	195
Erlendar lántökur	19.003	19.400	-397	18.839	164
Lántökur alls	44.617	45.200	-583	32.080	12.537
Innh. Afborganir	8.275	7.360	915	7.903	372
Uppruni alls	52.892	52.560	332	39.983	12.909
Ráðstöfun:					
Til rekstrar	11.995	13.981	-1.986	8.931	3.064
Greiddar afborganir	31.862	28.750	3.112	14.270	17.592
Lánveitingar	8.234	8.980	-746	17.035	-8.801
Hluta- og stofnfjárframlög	208	300	-92	75	133
Viðskiptareikningar	546	500	46	454	92
Ráðstöfun alls	52.845	52.511	334	40.765	12.080
Breyting á handbæru fé	47	49	-2	-782	829

Samanburður við árið 1995

Verg fjárþörf nam tæpum 40,8 milljörðum króna á árinu 1995. Er það um 12,1 milljarði króna lægri fjárþörf en á síðasta ári. Þannig jókst halli á rekstri ríkissjóðs um 3,1 milljarð króna á greiðslugrunni milli ára og greiddar afborganir jukust um tæpa 17,6 milljarða. Á hinn bóginn minnkuðu lánveitingar um 8,8 milljarða króna sem aðallega má rekja til þess að á árinu 1995 aflaði ríkissjóður alfarið lánsfjár fyrir byggingasjóðina. Hrein lánsfjárþörf lækkaði um tæpa 5,9 milljarða króna milli ára.

Lántökur jukust alls um rúma 12,5 milljarða króna, eða úr 32,1 milljarði króna á árinu 1995 í um 44,6 milljarða króna á síðasta ári. Auknum lántökum var að nær öllu leyti mætt á innlendum lánsfjármarkaði.

Afkoma ríkissjóðs

Samkvæmt greiðsluuppgjöri fyrir árið 1996 námu útgjöld A-hluta ríkissjóðs alls 139,7 milljörðum króna á árinu 1996 og tekjur 127,7 milljörðum. Afkoma ríkissjóðs var þannig neikvæð um tæpa 12,0 milljarða króna á árinu. Ef dregin eru út áhrif af sérstakri innlausn á spariskírteinum ríkissjóðs sem fjármálaráðherra tók ákvörðun um á síðasta ári nemur halli á rekstri ríkissjóðs tæpum 2,0 milljörðum króna. Til samanburðar nam hallinn um 8,9 milljörðum króna á árinu 1995.

Tafla 3. Afkoma ríkissjóðs á greiðslugrunni

M.kr.	Greitt 1996	Heimild 1996	Frávik	%
Tekjur	127.735	127.190	545	0,4
Gjöld	139.730	141.171	-1.441	-1,0
	-11.995	-13.981	-896	-14,2

Gjöld ríkissjóðs jukust um rúma 16,4 milljarða króna milli árana 1995 og 1996 eða um 13,3% hlutfallslega. Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga sem urðu milli ára nemur aukning gjalda rúmum 11,4 milljörðum króna eða sem nemur 8,9%. Tekjur jukust um um ríflega 13,3 milljarða króna eða 11,6%. Að raungildi nemur aukning tekna um 10,4 milljörðum eða 8,8%.

Afkoma ríkissjóðs versnaði að raungildi um ríflega 1,0 milljarð króna frá árinu 1995. Ef áhrif af áðurnefndri innlausn eru undanskilin er hins vegar afkomubati upp á um 9,1 milljarð króna á föstu verðlagi.

Tafla 4. Afkoma ríkissjóðs á greiðslugrunni í samanburði við fyrra ár

M.kr.	Greitt 1996	Greitt 1995	Breyt.	%	Framr. 1995	Raun- breyt.	%
Tekjur	127.735	114.413	13.322	11,6	117.371	10.364	8,8
Gjöld	139.730	123.344	16.386	13,3	128.318	11.412	8,9
	-11.995	-8.931	-3.064	34,3	-10.947	-1.048	9,6

Gjöld ríkissjóðs

Fjárlög og fjárheimildir

Útgjöld ríkissjóðs voru samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1996 alls 124,8 milljarðar króna. Með fjárukaalögum fyrir árið 1996, sem samþykkt voru á Alþingi í desember sl., voru útgjaldaheimildir hækkaðar um tæpa 16,4 milljarða króna eða sem nemur 13,1%. Fjárheimildir ársins námu því alls tæpum 141,2 milljörðum króna. Til samanburðar námu fjárheimildir á árinu 1995 alls 125,4 milljörðum króna.

Tafla 5. Útgjöld ríkissjóðs skv. fjárlögum og fjárheimildum

Milljónir króna	Fjárlög 1996	Heimild 1996	Breyting	%
Æðsta stjórn ríkisins	1.324	1.517	193	12,7
Forsætisráðuneyti	517	793	276	34,8
Menntamálaráðuneyti	19.282	19.925	644	3,2
Utánríkisráðuneyti	1.875	2.215	340	15,4
Landbúnaðarráðuneyti	6.981	7.170	189	2,6
Sjávarútvegssráðuneyti	1.200	1.334	134	10,1
Dóms- og kirkjum.rn.	6.024	6.403	379	5,9
Félagsmálaráðuneyti	8.991	9.493	502	5,3
Heilbrigðis- og trygg.m.rn.	50.014	51.859	1.845	3,6
Fjármálaráðuneyti	17.895	29.006	11.110	38,3
Samgönguráðuneyti	8.256	8.894	637	7,2
Iðnaðarráðuneyti	1.155	1.205	50	4,2
Viðskiptaráðuneyti	198	202	4	1,8
Hagstofa Íslands	159	166	7	4,3
Umhverfissráðuneyti	946	990	44	4,5
	124.816	141.171	16.355	11,6

Útgjaldaheimildir voru auknar hjá öllum ráðuneytum á árinu eins og sjá má í ofangreindri töflu. Stærstu breytingarnar eiga sér stað hjá tveimur ráðuneytum, þ.e. fjármálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti. Hjá fjármálaráðuneyti er aðallega um að ræða aukafjárveitingu vegna vaxtakostnaðar í kjölfar sérstakrar innlausnar á spariskírteinum ríkissjóðs sem fjármálaráðherra tók ákvörðun um á síðasta ári. Fjárhæð þessi nam um 10,1 milljarði króna. Þá voru veittar 500 milljónir króna vegna

aukinna vaxtagreiðslna af erlendum lánnum og 250 milljónir vegna skammtímavaxta og lántökukostnaðar sem leiddi af áðurnefndri innlausn. Að lokum fóru 250 milljónir til fjármálaráðuneytis vegna framlaga í tengslum við snjóflóð í Súðavík og á Flateyri. Hjá heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti voru veittar 830 milljónir aukalega vegna sjúkra-trygginga. Þá fóru 200 milljónir króna til að greiða niður rekstrarhalla hjá Ríkisspítölum og tæpar 260 milljónir til samsvarandi viðfangsefnis hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Hér er fyrst og fremst um að ræða sparnaðar-áform í heilbrigðiskerfinu sem ekki náðu fram að ganga.

Aukafjárveitingar vegna annarra ráðuneyta að frádregnum tilflutningi fjárheimilda milli ára, sem fjallað er um hér á eftir, námu samtals um 1,8 milljörðum króna. Að mati Ríkisendurskoðunar er hér að stærstum hluta um að ræða nýjar útgjaldaákvarðanir sem teknar voru á árinu fremur en vanáætlanir í forsendum fjárlaga.

Fjárveiting á liðnum „launa- og verðlagsmál“ var í fjárlögum ákveðin 70 milljónir króna, en með fjáraukalögum var fjárheimildin aukin um 262 milljónir króna. Að stærstum hluta var hér um að ræða launabætur til lögregluembætta sem láðist að reikna með við gerð fjárlaga og kjarabætur til hjúkrunarfræðinga í ársbyrjun 1996. Þá komu til útgjöld vegna launaflokkshækkana hjá stofnunum fatlaðra og ákvarðana Kjaranefndar á árinu.

Alls voru fluttar fjárheimildir að upphæð 1.624 milljónir frá árinu 1995 yfir á árið 1996. Skiptist sú fjárhæð þannig að um 1.023 milljónir voru vegna stofnkostnaðar og um 604 milljónir vegna tilfærslna. Á hinn bóginn var flutt skuld að fjárhæð 3 milljónir vegna almenns reksturs.

Tafla 6. Flutningur fjárheimilda 1993 - 1996

Milljónir króna	Flutt frá 1995	Flutt frá 1994	Flutt frá 1993	Flutt frá 1992
Flutt hrein inneign vegna rekstrar	-3	-7	875	523
Flutt vegna tilfærslna	604	363	0	0
Flutt vegna viðhalds- og stofnkostnaðar	1.023	1.193	1.049	969
Tilflutningur alls	1.624	1.549	1.924	1.492

Tilflutningur fjárheimilda hjá einstökum ráðuneytum var með eftirfarandi hætti samkvæmt fjárukalögum:

Tafla 7. Fluttar fjárheimildir hjá einstökum ráðuneytum

Þúsundir króna	Rekstur nettó	Tilfærslur	Stofn- kostn.	Flutt alls
Æðsta stjórn ríkisins	10.101	10.110	-	20.211
Forsætisráðuneyti	-1.708	-680	77.553	75.165
Menntamálaráðuneyti	-117.329	72.874	337.590	293.135
Utanríkisráðuneyti	-54.533	182.370	72.333	200.170
Landbúnaðarráðuneyti	-9.601	92.257	-7.174	75.482
Sjávarútvegssráðuneyti	50.764	11.293	9.500	71.557
Dóms- og kirkjum.rn.	968	2.678	90.654	94.300
Félagsmálaráðuneyti	19.685	72.422	165.566	257.673
Heilbrigðis- og trygg.m.rn.	-33.267	99.017	123.205	188.955
Fjármálaráðuneyti	108.897	6.581	123.293	238.771
Samgönguráðuneyti	19.436	22.555	28.543	70.534
Iðnaðarráðuneyti	-12.038	31.700	-	19.662
Viðskiptaráðuneyti	-2.320	999	-	-1.321
Hagstofa Íslands	2.215	0	-	2.215
Umhverfissráðuneyti	15.629	300	1.574	17.503
	-3.101	604.476	1.022.637	1.624.012

Fluttur stofnkostnaður hjá menntamálaráðuneyti að fjárhæð tæpar 338 milljónir króna er að langstærstum hluta vegna fjárlagaliðarins „framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður“. Hjá utanríkisráðuneyti eru tilfærslur nær aðallega vegna eins málaflokks, þ.e. þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi. Auk þess voru 72,3 milljónir króna fluttar yfir vegna viðhalds- og stofnkostnaðar sendiráða. Þá má nefna að hjá félagsmálaráðuneyti voru rúmar 165 milljónir króna fluttar yfir í tengslum við Byggingasjóð verkamanna og Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Fjárheimildir og útkoma

Útgjöld ríkissjóðs á árinu 1996 námu sem áður segir alls 139,7 milljörðum króna á greiðslugrunni. Fjárlög ársins gerðu á hinn bóginn ráð fyrir að útgjöldin yrðu um 124,8 milljarðar króna. Í fjárukalögum sem samþykkt voru í desember sl. voru útgjaldaheimildir auknar um tæpa 16,4 milljarða frá fjárlögum. Heildarfjárheimild ársins nam því um 141,2 milljarði króna. Er það um 1,4 milljarði króna hærri fjárhæð en raun varð á. Miðað við reynslu undanfarinna ára má búast við að talsverður hluti þessarar fjárhæðar verði fluttur yfir á árið 1997.

Tafla 8. Útgjöld ríkissjóðs í samanburði við áætlun

Milljónir króna	Greitt 1996	Heimild 1996	Frávik	%	Umfram Greitt	Óhafin framlög
Æðsta stjórn ríkisins	1.509	1.517	-8	-0,5	6,8	-14,5
Forsætisráðuneyti	788	793	-5	-0,6	40,2	-45,2
Menntamálaráðuneyti	19.702	19.925	-223	-1,1	488,7	-712,2
Utanríkisráðuneyti	1.992	2.215	-223	-10,1	60,3	-283,6
Landbúnaðarráðuneyti	7.304	7.170	134	1,9	191,3	-57,6
Sjávarútvegsráðuneyti	1.267	1.334	-67	-5,0	0,9	-68,2
Dóms- og kirkjum.rn.	6.344	6.403	-59	-0,9	129,3	-188,4
Félagsmálaráðuneyti	9.338	9.493	-155	-1,6	97,3	-252,6
Heilbrigðis- og trygg.m.rn.	51.738	51.859	-121	-0,2	223,0	-344,4
Fjármálaráðuneyti	28.410	29.006	-596	-2,1	5,9	-601,4
Samgönguráðuneyti	8.806	8.894	-87	-1,0	1,7	-89,1
Iðnaðarráðuneyti	1.174	1.205	-31	-2,6	4,4	-35,9
Viðskiptaráðuneyti	207	202	5	2,5	9,6	-4,6
Hagstofa Íslands	162	166	-4	-2,4	0	-4,0
Umhverfissráðuneyti	991	990	1	0,1	40,3	-39,6
	139.730	141.171	-1.441	-1,0	1.299,8	-2.741,2

Heildarútkoma ráðuneytanna m.t.t. fjárheimilda segir ekki alla söguna um greiðslustöðu einstakra stofnana í árslok. Þannig fór alls 181 fjárlagaliður af um 500 fram úr fjárheimildum á árinu og nam heildarupphæð þessara umframgjalda tæpum 1,3 milljörðum króna. Þetta er mjög svipuð niðurstaða og á árinu 1995, en þá var 191 fjárlagaliður yfir fjárheimildum og nam heildarupphæð umframgjalda um 1,0 milljarði króna. Á hinn bóginn námu ónýtta framlög alls um 2,7 milljörðum samanborið við 3,2 milljarða árið áður. Þróun umframgjalda og ónýttra framlaga hefur því í heild sinni þróast með mjög svipuðum hætti milli ára.

Í viðauka 1 er birt yfirlit yfir fjárlagaliði sem voru 7 milljónir króna yfir fjárheimildum á árinu, en fjöldi þeirra var alls 46 á síðasta ári. Í ljós hefur komið að í mörgum tilfellum hafa sömu liðir verið með greiðsluhalla í árslok undanfarin tvö til þrjú ár sem að hluta til má rekja til tilflutnings rekstrarhalla milli fjárlagaára. Ríkisendurskoðun telur að ráðuneytin þurfi að grípa til sérstakra ráðstafana gagnvart þessum fjárlagaliðum, annað hvort með hagræðingaraðgerðum eða auknum fjárveitingum ef þurfa þykir.

Í viðauka 2 er með sama hætti birt yfirlit yfir fjárlagaliði sem höfðu ónýtta fjárheimildir í árslok að fjárhæð 7 milljónir króna eða meira. Alls 60 fjárlagaliðir féllu undir þessa skilgreiningu og er stærstur hluti þeirra safnliðir ýmiskonar. Að mati Ríkisendurskoðunar þarf að endurskoða fjárveitingar á einstökum safnliðum í ljósi þess að ónýtta fjárheimild á sumum þeirra hefur verið að aukast jafnt og þétt frá ári til árs.

Samanburður gjalda við fyrra ár

Á árinu 1995 námu útgjöld ríkissjóðs alls 123,3 milljörðum króna samanborið við 139,7 milljarða á síðasta ári. Nemur útgjaldaaukning milli ára því um 16,4 milljörðum króna eða sem nemur 13,3%. Ef sérstök innlausn á spariskírteinum ríkissjóðs að upphæð um 10,1 milljarður króna er undanskilinn nemur gjaldaaukningin tæpum 6,3 milljörðum króna eða 5,1%.

Tafla 9. Útgjöld ríkissjóðs 1995 og 1996 eftir tegund

Milljónir króna	Greitt 1996	Greitt 1995	Breyt. %	Raun- Breyt. %
Laun	32.648	31.155	1.493 4,8%	-1.221 -3,6
Rekstur	29.619	29.772	-154 -0,5%	-825 -2,7
Tilfærslur	24.256	21.288	2.968 13,9%	2.488 11,4
Almannatryggingar	29.209	28.333	876 3,1%	-119 -0,4
Vaxtagjöld	23.832	12.440	11.392 91,6%	11.286 90,0
Eignakaup	2.478	2.313	165 7,1%	113 4,8
	142.041	125.301	16.740 13,4%	11.722 9,0
Sértekjur	2.312	1.957	355 18,1%	310
	139.730	123.344	16.386 13,3%	11.412 8,9

Skýringar á frávikum einstakra gjaldaliða eru sem hér segir:

- Launagjöld A-hluta ríkissjóðs jukust um tæpa 1,5 milljarða króna milli ára eða sem nemur 4,8%. Sé hins vegar tekið tillit til áhrifa af verkfalli kennara á árinu 1995 og flutnings grunnskólans yfir til sveitarfélaganna þann 1. ágúst á síðasta ári hafa launagjöld aukist um tæpa 2,3 milljarða króna eða 7,2%. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands nam vegið meðaltal launabreytinga ríkisstarfsmanna milli árána 1995 og 1996 um 8,7%. Að teknu tilliti til þessa lækkuðu launaútgjöldin að raungildi um 1,4%.
- Almenn rekstrarútgjöld án launakostnaðar lækkuðu óverulega eða um 154 milljónir króna. Hlutfallslega nemur breytingin 0,5%.
- Tilfærslur jukust um tæpa 3,0 milljarða króna eða 13,9%. Um 2,6 milljarða af þessari aukningu má rekja til menntamálaráðuneytis í tengslum við flutning grunnskólans frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna. Af öðrum ráðuneytum má nefna að hjá landbúnaðarráðuneyti jukust tilfærslur um 267 milljónir króna, að stærstum hluta vegna aukinna

greiðslna vegna mjólkur- og sauðfjárframleiðslu, og hjá fjármálaráðuneyti jukust tilfærslur um 283 milljónir vegna lífeyrisuppbóta og ýmissa styrkja, m.a. í tengslum við snjóflóð. Á hinn bóginn lækkuðu tilfærslur félagsmálaráðuneytis um 216 milljónir vegna minni framlaga til Byggingasjóðs verkamanna, Ábyrgðasjóðs launa og Atvinnuleysis-tryggingasjóðs.

- Útgjöld almannatryggingakerfisins hækkuðu um 876 milljónir króna eða sem nemur 3,1%. Greiðslur lífeyristrygginga hækkuðu um 385 milljónir króna og greiðslur sjúkratrygginga um 641 milljón. Á hinn bóginn lækkuðu greiðslur slysatrygginga um 150 milljónir króna.
- Vaxtagjöld jukust um tæpa 11,4 milljarða króna. Um 10,1 milljarður af þessari upphæð skýrist af sérstakri ákvörðun fjármálaráðherra um innlausn spariskírteina sem voru með uppsagnarákvæðum. Önnur innlend vaxtagjöld jukust um tæpar 900 milljónir króna og vextir af erlendum lánnum voru um 417 milljónum króna hærri.
- Eignakaup jukust um 165 milljónir króna eða sem nemur 7,1%. Sú breyting á sér aðallega rætur í framkvæmdalokum vegna byggingu Þjóðarbókhöfðu.

Útgjöld einstakra ráðuneyta breyttust með eftirfarandi hætti milli árana 1995 og 1996. Rétt er að taka fram að vegnar verðlagsbreytingar ríkisútgjalda námu um 4,0% á þessu tímabili.

Tafla 10. Útgjöld ríkissjóðs í samanburði við fyrra ár

Milljónir króna	Útkoma		Breyt.	%
	1996	1995		
Æðsta stjórn ríkisins	1.509	1.389	120	8,7
Forsætisráðuneyti	788	818	-31	-3,7
Menntamálaráðuneyti	19.702	17.333	2.369	13,7
Utanríkisráðuneyti	1.992	1.866	126	6,8
Landbúnaðarráðuneyti	7.304	6.984	320	4,6
Sjávarútvegsráðuneyti	1.267	1.124	143	12,7
Dóms- og kirkjum.rn.	6.344	6.152	192	3,1
Félagsmálaráðuneyti	9.338	9.619	-282	-2,9
Heilbrigðis- og trygg.m.rn.	51.738	49.706	2.031	4,1
Fjármálaráðuneyti	28.410	16.608	11.802	71,1
Samgönguráðuneyti	8.806	9.419	-613	-6,5
Iðnaðarráðuneyti	1.174	1.217	-43	-3,6
Viðskiptaráðuneyti	207	198	8	4,2
Hagstofa Íslands	162	149	13	8,5
Umhverfisráðuneyti	991	761	230	30,2
	139.730	123.344	16.385	13,3

Útgjöld æðstu stjórnar jukust um rúmar 120 milljónir króna eða sem nemur 8,7%. Annars vegar voru greiðslur vegna forsetaembættisins um 87 milljónum króna hærri á síðasta ári en á árinu áður, en það má að stærstum hluta rekja til nýrrar forsetaskrifstofu auk þess sem greiðslur vegna Alþingis voru um 69 milljónum króna hærri. Á hinn bóginn lækkuðu greiðslur vegna framkvæmda á Bessastöðum um tæpa 71 milljón.

Útgjöld forsætisráðuneytis lækkuðu um tæpa 31 milljón króna eða sem nemur 3,7%. Lækkunin skýrist aðallega af minni framlögum til Byggingastofnunar.

Útgjöld menntamálaráðuneytis jukust um tæpa 2,4 milljarða króna eða sem nemur 13,7%. Tilfærslur vegna flutnings á rekstri grunnskólans frá ríki yfir til sveitarfélaga námu um 2,6 milljörðum króna. Þá jukust m.a. greiðslur til Háskóla Íslands um tæpar 160 milljónir króna og greiðslur vegna viðhalds- og stofnkostnaðar framhaldsskóla um 236 milljónir m.a. vegna kaupa á Íslenska menntanetinu ehf. Á hinn bóginn lækkuðu launaútgjöld um 587 milljónir króna sem á sér skýringar í áðurnefndum flutningi grunnskólans.

Útgjöld utanríkisráðuneytis jukust um rúmar 126 milljónir króna eða sem nemur 6,8%. Greiðslur vegna sendiráða og fastanefnda jukust samanlagt um tæpar 96 milljónir króna og greiðslur vegna alþjóðastofnana um 45 milljónir. Þá voru greiðslur Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli um 36 milljónum króna hærri en á árinu 1995. Á hinn bóginn lækkuðu greiðslur vegna þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi um 33 milljónir króna.

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis jukust um rúmar 320 milljónir króna eða sem nemur 4,6%. Tilfærslur vegna mjólkur- og sauðfjárframleiðslu jukust samanlagt um tæpar 300 milljónir króna og greiðslur Bændaskólans á Hólum jukust um rúmar 50 milljónir. Á hinn bóginn lækkuðu greiðslur til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um tæpar 40 milljónir.

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytis jukust um tæpar 143 milljónir króna eða sem nemur 12,7%. Greiðslur vegna Fiskistofu hækkuðu um tæpar 119 milljónir króna, að stærstum hluta vegna veiðieftirlits á Flæmingjagrunni sem ríkissjóður greiddi á fyrri hluta síðasta árs. Þá jukust m.a. greiðslur vegna Hafrannsóknarstofnunar um tæpar 15 milljónir króna og greiðslur vegna annarra verkefna jukust um 21 milljón. Hins vegar lækkuðu

greiðslur vegna Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins um rúmar 22 milljónir.

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis jukust um 192 milljónir króna eða sem nemur 3,1%. Greiðslur vegna húsnæðis og búnaðar dómstóla hækkðu um 88,3 milljónir króna, sem rekja má til framkvæmda við nýtt húsnæði Hæstaréttar, og greiðslur vegna sýsluskrifstofa jukust samanlagt um rúma 151 milljón króna. Þá voru greiðslur vegna Lögregluembættisins í Reykjavík rúmum 68 milljónum króna hærri en á árinu 1995 og greiðslur vegna Fangelsismálastofnunar ríkisins 82 milljónum króna hærri. Greiðslur vegna Landhelgisgæslunnar lækkuðu á hinn bóginn um rúmar 210 milljónir króna þar sem engar greiðslur áttu sér stað vegna þyrlukaupa á árinu.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis lækkuðu um tæpar 282 milljónir króna eða sem nemur 2,9%. Greiðslur vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga jukust um rúmar 164 milljónir króna og greiðslur vegna málefna fatlaðra samtals um tæpar 127 milljónir. Þá voru greiðslur vegna húsaleigubóta 60 milljónum króna hærri en á árinu 1995 og greiðslur Sólheima jukust um 41 milljón. Hins vegar lækkuðu greiðslur vegna fjögurra fjárlagaliða ráðuneytisins um samtals 697 milljónir króna, en hér er um að ræða Atvinnuleysistryggingasjóð (457 m.kr.), Ábyrgðasjóð launa (118 m.kr.), Byggingasjóð verkamanna (61 m.kr.) og Meðferðastöð ríkisins (61 m.kr.).

Útgjöld heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis jukust um rétt liðlega 2,0 milljarða króna eða sem nemur 4,1%. Af þeirri fjárhæð skýra aukin útgjöld lífeyris-, sjúkra- og slysatrygginga tæpar 900 milljónir króna. Þá jukust greiðslur Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítala um samtals 419 milljónir króna. Af öðrum liðum má nefna að greiðslur vegna annarra sjúkrahúsa og sjúkrastofnana jukust um rúmar 500 milljónir króna og greiðslur Eftirlaunasjóðs aldraðra voru um 234 milljónum króna hærri en á árinu 1995. Hins vegar lækkuðu greiðslur vegna Framkvæmdasjóðs aldraðra um rúmar 62 milljónir króna.

Útgjöld fjármálaráðuneytis jukust um 11,8 milljarða króna. Um 10,1 milljarður af þeirri aukningu kemur til vegna sérstakrar innlausnar á spariskírteinum eins og áður hefur komið fram. Þá jókst vaxtakostnaður af öðrum innlendum lánum um tæpar 900 milljónir króna, að hluta til vegna skammtímafjármögnunar og lántökukostnaðar sem leiddi af framangreindri innlausn, og vextir af erlendum lánum voru um 417 milljónum króna hærri. Af öðrum liðum má nefna að greiðslur vegna

uppbóta á lífeyri jukust um tæpar 225 milljónir króna og greiðslur vegna ýmissa verkefna, m.a. náttúruhamfara, hækkuðu um 156 milljónir. Á hinn bóginn lækkuðu greiðslur vegna ríkisábyrgða og tjónabóta um tæpar 139 milljónir króna.

Útgjöld samgönguráðuneytis lækkuðu um 613 milljónir króna eða sem nemur 6,5%. Skýringin á þessu felst aðallega í minni greiðslum Vegagerðar ríkisins en þær lækkuðu um 567 milljónir króna milli ára. Þá lækkuðu greiðslu Vita- og hafnamálastofnunar um 161 milljón króna.

Útgjöld iðnaðarráðuneytis lækkuðu um rúmar 43 milljónir króna eða 3,6%. Greiðslur vegna iðnaðarrannsóknna lækkuðu um rúmar 14 milljónir króna og greiðslur vegna Rafmagnseftirlits ríkisins um rúmar 12 milljónir. Þá lækkuðu greiðslur Orkustofnunar um rúmar 10 milljónir króna. Breytingar á öðrum fjárlagaliðum ráðuneytisins voru minni.

Útgjöld viðskiptaráðuneytisins jukust um rúmar 8 milljónir króna eða sem nemur 4,2%. Skýrist sú breyting af því að greiðslur Vátrygginga- eftirlitsins jukust um rúmar 4 milljónir króna og greiðslur Samkeppnisstofnunar um rúmar 3 milljónir.

Útgjöld Hagstofu Íslands jukust um tæpar 13 milljónir króna eða 8,5%.

Útgjöld umhverfisráðuneytis jukust um tæpar 230 milljónir króna eða 30,2%. Um 75 milljónir króna af þessari aukningu má rekja til sérstaks verkefnis í tengslum við styrki til fráveitna sveitarfélaga. Þá jukust m.a. greiðslur vegna embættis Skipulagsstjóra ríkisins um tæpar 43 milljónir króna og greiðslur Veðurstofu Íslands hækkuðu um rúmar 35 milljónir m.a. vegna aukinna verkefna í tengslum við snjóflóðavarnir. Að lokum jukust greiðslur Náttúrufræðistofnunar Íslands um rúmar 19 milljónir króna.

Tekjur ríkissjóðs

Samanburður við áætlanir

Tekjur ríkissjóðs námu alls 127,7 milljörðum króna á árinu 1996. Samkvæmt fjárlögum 1996 voru tekjurnar áætlaðar tæpir 120,9 milljarðar eða um 6,9 milljörðum lægri en raun varð á. Með fjárukalögum fyrir árið 1996 sem samþykkt voru á Alþingi í desember sl. var tekjuhlið ríkissjóðs hækkuð um rúma 6,3 milljarða króna og nam heildartekjuáætlun ársins því samtals um 127,2 milljörðum króna.

Tafla 11. Tekjur ríkissjóðs í samanburði við áætlanir

Milljónir króna	Fjáruka-				Þ.kr.	Frávik %
	Fjárlög	lög	Samtals	Innheimt		
Tekjuskattur einstaklinga	17.250	4.055	21.305	21.011	-294	-1,4
Tekjuskattur lögaðila	4.600	-485	4.115	4.193	78	1,9
Eignarskattar einstaklinga	1.560	46	1.606	1.978	372	23,2
Eignarskattar lögaðila	1.615	5	1.620	1.719	99	6,1
Aðrir beinir skattar	390	50	440	461	21	4,8
Beinir skattar	25.415	3.671	29.086	29.362	276	0,9
Innflutnings og vörugjöld	14.021	1.037	15.058	15.181	123	0,8
Virðisaukaskattur	45.820	-320	45.500	45.692	192	0,4
Skattar af einkasöluvörum	6.508	700	7.208	7.266	58	0,8
Bifreiðaskattar	4.245	290	4.535	4.551	16	0,4
Þinglýsingar- og stimpilgjöld	2.459	1	2.460	2.453	-7	-0,3
Tryggingagjald, launaskattar	12.865	652	13.517	13.569	52	0,4
Aðrir óbeinir skattar	1.602	-146	1.456	1.442	-14	-1,0
Óbeinir skattar	87.520	2.214	89.734	90.154	420	0,5
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	5.200	100	5.300	5.122	-178	-3,4
Arðgreiðslur	2.280	175	2.455	2.505	50	2,0
Fjármunatekjur	7.480	275	7.755	7.627	-128	-1,7
Sala eigna	100	165	265	246	-19	-7,2
Ýmsar tekjur	350	0	350	346	-4	-1,1
Aðrar tekjur	450	165	615	592	-23	-3,7
Tekjur samtals	120.865	6.325	127.190	127.735	545	0,4

Beinir skattar voru áætlaðir alls um 25,4 milljarðar króna í fjárlögum ársins. Rauntölur sýna hins vegar um 29,4 milljarða króna innheimtu sem er rúmum 3,9 milljörðum króna eða 15,5% meira en fjárlög áætluðu. Frávikið kemur að langstærstum hluta fram í tekjusköttum einstaklinga sem urðu um 3,8 milljörðum króna meiri en áætlað var og skýrist það fyrst og fremst af mun meiri aukningu atvinnutekna en gert var ráð fyrir í tekjuforsendum fjárlaga. Innheimta á eignarsköttum einstaklinga fór um 418 milljónir króna umfram það sem áætlað var og eignarskattar lögaðila voru um 104 milljónum króna meiri. Á hinn bóginn voru tekjuskattar lögaðila um 407 milljónum króna lægri en fjárlög áætluðu. Hér er fyrst og fremst um að ræða ofmat á afkomu fyrirtækja á árinu 1995.

Innheimta óbeinna skatta var rúmlega 2,6 milljörðum króna meiri en fjárlög áætluðu og nemur frávikið um 3,0%. Helstu frávik á þessum lið koma fram í innflutnings- og vörugjöldum sem voru um 1,2 milljörðum meiri en gert var ráð fyrir, tryggingagjaldi og launaskatti sem urðu um 704 milljónum króna meiri og sköttum af einkasöluvörum sem jukust um 758 milljónir. Frávik á fyrstnefnda liðnum kemur aðallega fram í vörugjöldum af ökutækjum sem jukust um rúmar 700 milljónir króna frá áætlun fjárlaga og í bensínsköttum sem urðu um 244 milljónum króna meiri. Þá urðu tekjur af framleiðslugjaldi áls um 275 milljónum króna meiri en gert var ráð fyrir vegna bættrar afkomu ÍSAL á árinu 1995. Frávik í tryggingagjaldi- og launasköttum endurspeglar fyrst og fremst meiri almennar tekjubreytingar en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Að lokum má rekja um 438 milljónir króna af frávikum í sköttum af einkasöluvörum til skila á tekjum ársins 1995, en ekki var tekið tillit til þessa í áætlun fjárlaga.

Innheimta virðisaukaskatts var því sem næst sú sama og fjárlög áætluðu þrátt fyrir að aukning einkaneyslu og þjórútgjalda hafi í heild sinni verið nokkuð meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Skýringin á þessu felst fyrst og fremst í auknum innskatti vegna verulega meiri fjárfestingar fyrirtækja á síðasta ári en búist var við.

Fjármunatekjur voru um 147 milljónir króna meiri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir eða sem nemur 2,0%. Vaxtatekjur af langtímalánum voru tæpum 350 milljónum króna hærra en fjárlög áætluðu og skýrist það aðallega af uppgjöri við Landsvirkun sem jók vaxtatekjurnar um 300 milljónir króna. Hins vegar voru vaxtatekjur af dráttarvöxtum og skammtakröfum ríflega 400 milljónum króna lægri en reiknað hafði verið með. Að stærstu leyti má rekja þetta til lækkunar álags af ógreiddum virðisaukaskatti. Það sem eftir stendur endurspeglar betri innheimtu

samtímaskatta og eftirstöðva. Arðgreiðslur urðu um 224 milljónum króna meiri en samkvæmt áætlun sem aðallega má rekja til aukins arðs af hlutabréfum í eigu ríkissjóðs.

Að lokum urðu tekjur af sölu eigna um 146 milljónum króna meiri en fjárlög áætluðu.

Samanburður við árið 1995

Tekjur ríkissjóðs námu sem áður segir 127,7 milljörðum króna á síðasta ári. Á árinu 1995 nam samsvarandi fjárhæð 114,4 milljörðum króna. Ríkissjóðstekjur jukust þannig um 13,3 milljarða króna milli ára eða sem nemur 11,6% hlutfallslega.

Tafla 12. Tekjur ríkissjóðs í samanburði við fyrra ár

Milljónir króna	Útkoma 1996	Útkoma 1995	Frávik	%
Tekjuskattur einstaklinga	21.011	16.750	4.261	25,4
Tekjuskattur lögaðila	4.193	4.242	-49	-1,2
Eignarskattar einstaklinga	1.978	1.646	332	20,2
Eignarskattar lögaðila	1.719	1.593	126	7,9
Aðrir beinir skattar	461	390	71	18,2
Beinir skattar	29.362	24.621	4.670	19,3
Innflutnings og vörugjöld	15.181	13.341	1.840	13,8
Virðisaukaskattur	45.692	42.358	3.334	7,9
Skattar af einkasölvörum	7.266	6.154	1.112	18,1
Bifreiðaskattar	4.551	4.098	453	11,1
Þinglýsingar- og stimpilgjöld	2.453	2.343	110	4,7
Tryggingagjald	13.569	11.452	2.117	18,5
Aðrir óbeinir skattar	1.442	1.632	-190	-11,6
Óbeinir skattar	90.154	81.378	8.776	10,8
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	5.122	5.138	-16	-0,3
Arðgreiðslur	2.505	2.843	-338	-11,9
Fjármunatekjur	7.627	7.981	-354	-4,4
Sala eigna	246	109	137	125,7
Ýmsar tekjur	346	324	22	6,8
Aðrar tekjur	592	433	159	36,7
Tekjur samtals	127.735	114.413	13.322	11,6

Aukning í beinum sköttum nemur tæpum 4,7 milljörðum króna milli ára eða sem nemur 19,3%. Eins og fram kemur í ofangreindri töflu má rekja

Þessa aukningu að nær öllu leyti til tekjuskatta einstaklinga sem jukust um tæpa 4,3 milljarða króna. Breytingin á sér fyrst og fremst skýringar í meiri tekjum af staðgreiðslu á árinu 1996. Þess má geta að samkvæmt upplýsingum úr staðgreiðslukerfinu jukust launagreiðslur um tæp 10% milli áráanna 1995 og 1996. Tekjuskattar lögaðila lækkuðu lítillega eða um 49 milljónir króna. Bætt afkoma fyrirtækja á síðasta ári mun væntanlega skila sér í auknum tekjuskatti á þessu ári. Á hinn bóginn jókst innheimta á eignarsköttum einstaklinga um 332 milljónir króna og innheimta á eignarsköttum lögaðila um 126 milljónir.

Tekjur af óbeinum sköttum jukust um tæpa 8,8 milljarða eða sem nemur 10,8%. Mesta aukningin á þessum lið kemur fram í virðisaukaskatti sem jókst um ríflega 3,3 milljarða króna eða 7,9% og kemur sú breyting eingöngu fram í virðisaukaskatti af innfluttum vörum. Í heild er aukning virðisaukaskatts hlutfallslega nokkurn veginn í takt við áætlanir um aukningu einkaneyslu á síðasta ári. Tekjur af tryggingagjaldi og launaskatti jukust um ríflega 2,1 milljarð króna. Skýrist það annars vegar af 0,5% hækkun gjaldsins og hins vegar af auknum atvinnutekjum. Innflutnings- og vörugjöld jukust um rúma 1,8 milljarða króna. Þessa aukningu má að miklu leyti rekja til aukins bifreiðainnflutnings á síðasta ári, en tekjur af vörugjöldum af ökutækjum urðu um 854 milljónum króna meiri en á árinu 1995. Þá jukust m.a. tekjur vegna vörugjalda af bensíni um 439 milljónir króna og tekjur af framleiðslugjaldi áls um 285 milljónir. Innheimta skatts af einkasöluvörum og áfengisgjaldi var um 1,1 milljarði króna meiri en á árinu 1995, en þar er nær eingöngu um að ræða tekjur af starfsemi ÁTVR. Um 438 milljónir króna af þessari fjárhæð er vegna skila á tekjum ársins 1995 og er aukning milli ára því nokkuð minni en ella mætti ætla. Að lokum jukust aðrir óbeinir skattar um samtals 373 milljónir króna, en þar er aðallega um að ræða auknar tekjur af bifreiðagjöldum og þungaskatti.

Fjármunatekjur lækkuðu um 354 milljónir króna milli ára eða sem nemur 4,4%. Þessi lækkun á aðallega rætur að rekja til minni arðgreiðslna frá Seðlabanka Íslands.

Að lokum jukust aðrar tekjur um 159 milljónir króna. Um 137 milljónir króna af þessari fjárhæð eru vegna aukinna tekna af sölu ríkiseigna.

Raunbreytingar tekna

Tekjur ríkissjóðs jukust um tæpa 10,4 milljarða eða 8,8% að raungildi milli árana 1995 og 1996. Í neðangreindri töflu má sjá raunbreytingu einstakra teknaliða.

Tafla 13. Tekjur ríkissjóðs á föstu verðlagi

Milljónir króna	Útkoma		Frávik	%
	1996	1995		
Beinir skattar	29.362	25.888	3.474	13,4
Óbeinir skattar	90.154	82.879	7.275	8,8
Fjármunatekjur	7.627	8.161	-534	-6,5
Aðrar tekjur	592	443	149	33,7
Tekjur samtals	127.735	117.371	10.364	8,8

Beinir skattar hafa aukist hlutfallslega mest að raungildi milli ára eða sem nemur 13,4%. Fram hefur komið að tekjuskattur einstaklinga skýrir þessa aukningu að mestu leyti, en hann jókst um tæpa 3,2 milljarða króna eða 17,9% að raungildi.

Óbeinir skattar jukust um 7,3 milljarða króna eða 8,8% að raungildi. Af einstökum liðum jukust tekjur af virðisaukaskatti um ríflega 2,9 milljarða króna eða 6,8%. Tekjur af innflutnings- og vörugjöldum jukust um 1,8 milljarða króna eða 13,6% og tekjur af tryggingagjaldi um tæpa 1,4 milljarða króna eða sem nemur 11,4%. Þá voru skattar af einkasöluvörum 973 milljónum króna eða 15,5% meiri að raungildi á síðasta ári samanborið við árið 1995.

Að lokum lækkuðu fjármunatekjur um 534 milljónir króna milli ára á föstu verðlagi eða sem nemur 6,5% hlutfallslega.

Útgjöld almannatrygginga

Ríkisendurskoðun hefur tekið saman yfirlit um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga árin 1995 og 1996. Árið 1996 námu greiðslurnar rúmlega 29,3 milljörðum króna eða sömu fjárhæð að raunvirði og á árinu 1995.

Tafla 14. Útgjöld vegna almannatrygginga 1995 og 1996

Í m.kr. á verðlagi 1996	Greitt 1996	Greitt 1995	Breyting	%
<i>Lífeyrstryggingar</i>	17.615	17.726	-111	-0,6
<i>Sjúkratryggingar</i>	11.195	11.003	192	1,7
<i>Slysatryggingar</i>	485	564	-79	-14,0
<i>Almannatryggingar alls</i>	29.295	29.293	2	0,0

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1996 var ákveðið að bætur lífeyrstrygginga hækkuðu um 3,5% frá fyrra ári og að afnema sjálfvirka tengingu þessara útgjalda við verðlag og launaþróun. Þá var enn fremur ákveðið að launaþáttur sjúkratrygginga hækkaði milli ára um 3,0%, þannig að verðlagsbreyting milli árána 1995 og 1996 yrði um 3,6% að meðaltali

Niðurstaða ársins sýnir að bætur lífeyrstrygginga lækkuðu að raungildi um rúmar 100 milljónir króna. Hækkun bóta var í samræmi við forsendur fjárlaga 1996. Hins vegar jukust útgjöld sjúkratrygginga á árinu 1996 um 200 milljónir króna að raungildi eða um 1,7%. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að heildarútgjöld lækkuðu um 880 milljónir króna milli ára, en af þeirri fjárhæð voru framlög frá Framkvæmdasjóði aldraðra 330 milljónir króna. Um 40% af útgjaldahækkun frá fyrra ári felst í auknum lyfjakostnaði. Það sem eftir stendur skiptist svo til að jöfnu milli rannsóknarkostnaðar, hjálpartækja, læknakostnaðar og ýmiss sjúkrakostnaðar.

Lífeyrstryggingar eru stærsti útgjaldaflokkur almannatrygginga. Útgjöld vegna þeirra á árinu 1996 námu 17,6 milljörðum króna og höfðu þá lækkað um 111 m.kr. eða 0,6% frá fyrra ári.

Tafla 15. Útgjöld vegna lífeyrstrygginga 1995 og 1996

<i>Í m.kr. á verðlagi 1996</i>	<i>Greitt 1996</i>	<i>Greitt 1995</i>	<i>Raun breyt.</i>	<i>%</i>
<i>Lífeyrisgreiðslur</i>	10.930	10.949	-19	-0,2
<i>Sjómannalífeyrir</i>	43	56	-13	-23,2
<i>Örorkugreiðslur</i>	4.215	4.141	74	1,8
<i>Barnalífeyrir</i>	763	751	12	1,6
<i>Ekkju- og ekklabætur</i>	72	84	-12	-14,3
<i>Framlög ti einstæðra foreldra</i>	153	294	-141	-48,0
<i>Makabætur</i>	30	30	0	0,0
<i>Fæðingarorlof</i>	1.224	1.213	11	0,9
<i>Bifreiðastyrkir</i>	74	129	-55	-42,6
<i>Endurhæfingarlífeyrir</i>	111	79	32	40,5
	17.615	17.726	-111	-0,6

Útgjöld vegna sjúkratrygginga námu tæpum 11,2 milljörðum króna og hækkuðu um 192 m.kr. eða 1,7% á milli áráanna 1995 og 1996.

Tafla 16. Útgjöld vegna sjúkratrygginga 1995 og 1996

<i>Í m.kr. á verðlagi 1996</i>	<i>Greitt 1996</i>	<i>Greitt 1995</i>	<i>Raun breyt.</i>	<i>%</i>
<i>Langlega, dagvist, daggjöld</i>	2.669	2.671	-2	-0,1
<i>Hjálpartæki</i>	613	585	28	4,8
<i>Sjúkrakostnaður erlendis</i>	403	260	143	55,0
<i>Læknakostnaður</i>	1.757	1.672	85	5,1
<i>Tannlækningar</i>	806	613	193	31,5
<i>Sjúkrakostnaður, innlendur</i>	1.086	1.485	-399	-26,9
<i>Lyf</i>	3.651	3.416	235	6,9
<i>Annað</i>	680	441	239	54,2
<i>Sértekjur</i>	-470	-140	-330	235,7
	11.195	11.003	192	1,7

Útgjöld vegna slysatrygginga námu 485 milljónum króna á árinu 1996 í samanburði við 564 milljónir króna á árinu áður. Þannig lækkuðu útgjöld slysatrygginga að raunvirði um 79 milljónir króna milli ára eða sem nemur um 14%.

Tafla 17. Útgjöld vegna slysatrygginga 1995 og 1996

<i>Í m.kr. á verðlagi 1996</i>	<i>Greitt 1996</i>	<i>Greitt 1995</i>	<i>Raun breyt.</i>	<i>%</i>
<i>Stjórnendur bifreiða</i>	60	100	-40	-40,0
<i>Launþegar, sjómenn</i>	179	195	-16	-8,2
<i>Launþegar, aðrir en sjómenn</i>	110	110	0	0,0
<i>Bændur, makar þeirra og börn</i>	18	18	0	0,0
<i>Sjúklingatryggingar</i>	9	9	0	0,0
<i>Annað</i>	109	132	-23	-17,4
	485	564	-79	-14,0

Framkvæmd lánsfjárlaga

Samkvæmt 1. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1996 var fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs veitt heimild til að taka lán að fjárhæð allt að 25,3 milljarðar króna á árinu 1996. Af heildarlántökum var fjármálaráðherra heimilt skv. 3. gr. að endurlána allt að 5,3 milljarða króna.

Lánsfjárförf ríkissjóðs á árinu 1996 nam tæpum 44,6 milljörðum króna eins og neðangreind tafla sýnir. Lánsfjárförfinni var mætt með lántökum innanlands og erlendis að upphæð rétt rúmum 44,6 milljarðar króna. Handbært fé jókst um 47 milljónir. Af heildarlántökum voru um 17,3 milljarðar í reynd skuldbreytingar vegna títtnefndrar innlausnar á spari-skirteinum ríkissjóðs. Þá hafði ríkissjóður milligöngu um að afla 2,3 milljarða króna lánsfjár fyrir Byggingasjóð ríkisins á árinu. Að öllu samanlögðu verður því að telja að lántökur ársins hafi rúmast innan heimilda.

Tafla 18. Lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs

	Greitt 1996	Fjárheim. 1996	Fjárlög 1996	Greitt 1995
Greiðsluhalli vegna rekstrar	11.995	13.981	3.951	8.931
Hluta- og stofnfjárframlög	208	300	500	75
Viðskiptareikningar	546	500	500	454
Hreinar afborganir	23.587	21.390	14.990	6.368
Lánveitingar	8.234	8.980	5.320	17.035
Lánsfjárförf A-hluta	44.570	45.151	25.261	32.863

Í lok síðasta árs höfðu verið veittir alls 6,2 milljarðar króna í nýjar lánveitingar hjá endurlánnum ríkissjóðs, en auk þess hafði verið skuldbreytt eldri lánnum að fjárhæð um 3,6 milljarðar króna. Af nýjum lánnum voru um 4,7 milljarðar króna vegna lánveitinga í tengslum við 3. gr. lánsfjárlaga. Skiptist sú fjárhæð sem hér segir:

Tafla 19. Endurlán ríkissjóðs

Milljónir króna	Heimild	Afgreitt	Mism	Nýting
Lánasj. Íslenskra námsmanna	4.030	3.930	-100	-2,5%
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	850	500	-350	-41,2%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	340	295	-45	-13,1%
Alþjóðaflugþjónustan	100	0	-100	-100%
	5.320	4.725	-595	-11,2%

Ársverk og launakostnaður ríkissjóðs

Ársverk

Ársverkum hjá þeim stofnunum í A-hluta ríkissjóðs sem starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sér um launagreiðslur fyrir fækkaði um alls 905 eða 4,9% milli árunna 1995 og 1996. Heildarfjöldi reiknaðra ársverka var 17.494 á árinu 1996 samanborið við 18.399 árið á undan. Við þennan samanburð ber þó taka tillit til tveggja veigamikilla þátta. Annars vegar stóð yfir kennaraverkfall í hluta febrúar- og marsmánaðar 1995 sem olli því að ársverk á því ári voru um 488 færri en ella hefði orðið. Hins vegar fluttist rekstur grunnskólans frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna þann 1. ágúst á síðasta ári, en það hafði í för með sér um 1.159 ársverka fækkun á árinu 1996. Að teknu tilliti til þessara þátta fækkaði ársverkum um 234 milli ára eða sem nemur 1,2% hlutfallslega.

Tafla 20. Reiknuð ársverk hjá A-hluta ríkisstofnunum

	Ársverk 1996			Breyting frá 1995		
	Dagv.	Yfirv.	Alls	Dagv.	Yfirv.	Alls
Æðsta stjórn ríkisins	253	49	302	8	3	11
Forsætisráðuneyti	46	13	59	-2	0	-2
Menntamálaráðuneyti	5.070	1.078	6.147	-821	-117	-938
Utanríkisráðuneyti	185	46	230	3	4	6
Landbúnaðarráðuneyti	409	85	494	10	-1	9
Sjávarútvegsráðuneyti	339	137	476	24	28	52
Dóms- og kirkjumrn.	1.638	485	2.123	25	-3	22
Félagsmálaráðuneyti	1.000	180	1.180	-8	-12	-20
Heilbr.- og tryggingamrn.	3.297	550	3.846	-73	-3	-77
Fjármálaráðuneyti	596	131	728	-1	-4	-4
Samgönguráðuneyti	772	287	1.058	-1	1	0
Iðnaðarráðuneyti	240	81	321	0	0	1
Viðskiptaráðuneyti	64	23	87	4	2	5
Hagstofa Íslands	57	14	71	2	-1	1
Umhverfisráðuneyti	289	81	371	21	7	28
Samtals A-hluti	14.255	3.239	17.494	-809	-96	-905
Leiðrétt vegna verkfalls				418	70	488
Leiðr. v/flutn. Grunnskólans	1.006	153	1.159			
A-hluti með flutn. og verkf.	15.261	3.392	18.653	-221	-13	-234

Áhrif kennaraverkfallsins og flutnings grunnskólans koma vel fram í framangreindri töflu, en ársverkum hjá menntamálaráðuneyti fækkaði um alls 938 milli ára. Ef áhrif þessa eru hins vegar dregin út nemur fækkunin 257 ársverkum eða 3,4%. Hvað önnur ráðuneyti varðar má einkum sjá breytingar hjá þremur þeirra þ.e. heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Hjá fyrstnefnda ráðuneytinu fækkar ársverkum um 77, en sú breyting á sér fyrst og fremst stað hjá Ríkisspítölum. Árverkum hjá sjávarútvegsráðuneyti fjölga um 52 og á það rætur að rekja til veiðieftirlits á Flæmingjagrunni sem ríkið greiddi kostnað af á fyrri hluta síðasta árs. Að lokum fjölgaði ársverkum hjá umhverfisráðuneyti um 28 milli ára, en sú breyting á sér aðallega stað hjá Veðurstofunni vegna aukinna verkefna í tengslum við snjóflóðavarnir.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1996 var áætlað að ársverkum ríkisstofnana myndi fjölda um 2% milli ára án tillits til áhrifa af kennaraverkfalli, en sú fjölgun svarar til tæplega 400 ársverka. Að teknu tilliti til verkfallsins má hins vegar gera ráð fyrir að stefnt hafi verið að tæplega 100 ársverka fækkun á árinu. Eins og áður segir sýna endanlegar tölur um 234 ársverka fækkun sem er heldur meiri fækkun en að var stefnt.

Launaútgjöld

Launaútgjöld stofnana í A-hluta, sem starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sér um launavinnslu fyrir, námu alls um 32,6 milljörðum króna á árinu 1996. Samsvarandi fjárhæð nam rúmum 31,1 milljarði króna á árinu 1995. Þannig hækkuðu launaútgjöld um tæpa 1,5 milljarða króna milli ára eða sem nemur 4,8% hlutfallslega. Ef hins vegar er tekið tillit til áhrifa af kennaraverkfallinu á árinu 1995, sem olli því að launagreiðslur urðu um 700 milljónum króna lægri en ella er, og jafnframt flutnings grunnskólans sem hafði um 1,5 milljarða króna greiðsluáhrif á síðasta ári hafa launaútgjöldin aukist um tæpa 2,3 milljarða eða sem nemur 7,1%.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands nam vegið meðaltal launahækkana ríkisstarfsmanna milli árána 1995 og 1996 um 8,7%. Að teknu tilliti til þessa lækkuðu launaútgjöld A-hluta ríkissjóðs um 1,4% að raungildi á síðasta ári.

Helstu markmið fjárlaga árið 1996

Í fjárlögum fyrir árið 1996 var stefnt að eftirfarandi markmiðum:

Að heildarlánsfjárförf ríkissjóðs yrði um 25,3 milljarðar króna og afborganir af teknum lánum 21,2 milljarðar króna. Þannig var áætlað að hrein lánsfjárförf ríkissjóðs á árinu 1996 yrði um 4,1 milljarður króna.

Að gjöld A-hluta ríkissjóðs umfram tekjur yrðu um 4,0 milljarðar króna.

Að heildarlánsfjárförf opinberra aðila yrði um 59 milljarðar króna og afborganir af teknum lánum um 48 milljarðar króna. Þannig var áætlað að hrein lánsfjárförf opinberra aðila yrði um 11 milljarðar króna.

Af heildarlánsfjárförf opinberra aðila var gert ráð fyrir að Byggingasjóður ríkisins og Byggingasjóður verkamanna tækju lán að fjárhæð 8,0 milljarðar króna. Húsbréfaútgáfa var áætluð um 13,5 milljarðar króna og jafnframt var gert ráð fyrir að afborganir lána hjá framangreindum aðilum yrði um 10,6 milljarðar króna. Þannig var áætlað að hrein lánsfjárförf byggingasjóðanna og húsbréfadeildarinnar næmi 10,9 milljörðum króna á árinu 1996. Lántaka átti að fara fram án milligöngu ríkissjóðs.

Ekki voru settar fram áætlanir um hversu stórum hluta lánsfjárfarfar skyldi mætt með innlendum lántökum og hve mikið með erlendum lántökum. Fjármálaráðuneytið gerði hins vegar ráð fyrir í áætlun sinni að afla allt að 12 milljarða króna innanlands og 13,3 milljarða króna erlendis á árinu.

Í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1996 sagði m.a.:

„Gert er ráð fyrir áframhaldandi hagvexti á næsta ári. Tekjur ríkissjóðs munu því hækka í takt við aukna veltu í efnahagslífinu. Í frumvarpinu er lögð áhersla á að halda vexti útgjalda í skefjum og eru heildarútgjöld talin verða sem næst óbreytt í krónum talið frá yfirstandandi ári. Auknar tekjur munu því alfarið ganga til þess að minnka halla ríkissjóðs á næsta ári.“

Þá var í athugasemdum við frumvarpið greint frá verkefnum á sviði skattamála og annarra liða á tekjuhlið. Um það efni sagði m.a. svo:

- *„Áframhaldandi efnahagsbati skilar sér í auknum tekjum ríkissjóðs árið 1996. Spáð er að tekjurnar verði 5,5 milljörðum króna hærri en 1995. Þetta svarar nokkurn veginn til almennra launa- og verðlagsbreytinga og aukins hagvaxtar á næsta ári.*
- *Tryggingagjald á atvinnureksturinn verður hækkað um 0,5% til að mæta hluta tekjutaps ríkissjóðs vegna ákvörðunar um skattfrelsi lífeyrисиðgjalda launafólks. Samhliða þessari breytingu verður fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs treyst með því að breyta hluta tryggingagjaldsins í sérstakt atvinnuleysistryggingagjald sem renni beint í sjóðinn. Gjaldið verði breytilegt eftir fjárhörf hverju sinni.*
- *Sjálfvirk verðuppfærsla í skatta- og bótakerfinu verður afnumin og breytingar gerðar að sjálfstæðri ákvörðun stjórnvalda hverju sinni líkt og tíðkast annars staðar. Persónuafsláttur verður óbreyttur í krónum talið á næsta ári, en skattleysismörk munu engu að síður hækka á grundvelli aukins skattfrelsis lífeyrисиðgjalda. Skattleysismörk verða því svipuð og þau hefðu orðið ef persónuafsláttur hefði hækkað í takt við verðlag og skattfrelsi lífeyrисиðgjalda hefði ekki komið til sögunnar.*
- *Sérstakur 5% tekjuskattur á hærri tekjur verður framlengdur um eitt ár.*
- *Fjármálaráðherra mun skipa nefnd til þess að endurskoða tekjuskattskerfið, meðal annars til þess að draga úr jafðarhrifum þess. Í því sambandi verður tekjuskerðing barnabótaaukans minnkuð strax á næsta ári.*
- *Um næstu áramót er stefnt að því að ýmsar breytingar í skattamálum komi til framkvæmda. Þar má nefna upptöku olúgjalds í stað þungaskatts, verðjöfnunargjöld og vörugjöld.*

- *Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur verði lögfestur á komandi þingi. Líklegast er að staðgreiðsluskattur á nafnvexti verði fyrir valinu sem yrði innheimtur í bönkum og fjármálastofnunum.*

Helstu áherslur er varða gjaldahlið frumvarpsins voru eftirfarandi:

- *„Útgjöld ríkissjóðs á árinu 1996 taka mið af því markmiði ríkisstjórnarinnar að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á árinu 1997. Samneysla ríkisins eykst um nálægt 2% að raungildi, meðal annars vegna aukinnar kennslu í grunnskólum. Framlög til almannatrygginga, landbúnaðar, sveitarfélaga o.fl. haldast óbreyttar í krónum talið milli ára. Fjárfestingar ríkissjóðs dragast saman um rúmlega 2 milljarða króna. Auk samdráttar í samgönguframkvæmdum er dregið úr framkvæmdum sem myndu ella leiða til aukins rekstrar ríkisins, til dæmis við heilbrigðisstofnanir.*
- *Áfram er unnið að því að efla þjónustu ríkisstofnana og auka hagkvæmni í rekstri. Áhersla er lögð á að auka ábyrgð stjórnenda og flytja ákvarðanir um rekstur sem næst vettvangi. Leitað verður til stofnana um staðlaðar upplýsingar um þá þjónustu sem stofnanir veita og þar sem ástæða er til verður gengið frá þjónustusamningum við stofnanir, einkum þær sem ekki eru í eigu ríkisins.*
- *Með nýjum lögum eru stigin veigamikil skref til eflingar grunnskólans. Annars vegar er vikulegt kennslumagn aukið og skólafélagið gert samfellt og hins vegar færast rekstur grunnskólans alfarið til sveitarfélaga í byrjun næsta skólaárs.*
- *Lögð er áhersla á stuðning við rannsóknir, þróun og markaðssókn. Verulegum fjármunum er varið til þátttöku í rannsóknáætlun Evrópusambandsins og í alþjóðasamstarfi af margvíslegum toga.*
- *Áhersla er lögð á að draga úr sjálfvirkni í vexti ríkisútgjalda. Ákvæði laga og reglna sem fela í sér beina tengingu útgjalda við breytingu á vísitölum og launum verða aftengd, en þess í stað verði ákvarðanir um breytingar teknar við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.*

Um lánsfjármál, skuldastöðu og vexti sagði m.a. í athugasemdum:

„Í frumvarpinu eru skýr skilaboð um að stefnt sé að jafnvægi í ríkisfjármálum. Útgjöld hækka ekki í krónum talið og efnahagsbatinn verður nýttur til þess að draga úr lánsfjárförf hins opinbera og auka svigrúm atvinnulífsins til fjárfestingar og fjölgunar starfa.

- Í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að draga úr verðtryggingu fjárskuldbindinga hafa verið gefin út óverðtryggð ríkisbréf til 5 ára. Þessi breyting er gerð í ljósi þess efnahagslega stöðugleika sem hér ríkir. Enn fremur verða gefin út verðtryggð spariskírteini til lengri tíma en áður, eða allt að 20 ára. Með þessu er komið til móts við þarfir stærstu aðilanna á verðbréfamarkaðinum.
- Gangi áform fjárlagafrumvarps eftir munu skuldir ríkissjóðs lækka í hlutfalli við landsframleiðslu, í fyrsta sinn síðan 1987. Þetta mun einnig leiða til lækkunar heildarskulda hins opinbera úr 55,4% af landsframleiðslu árið 1995 í 54,5% árið 1996.“

Í meðförum Alþingis hækkuðu gjöld umfram tekjur frá frumvarpi til fjárlaga um 71 milljón króna.

Heildartekjur ríkissjóðs skv. fjárlögum ársins 1996 voru áætlaðar 120,9 milljarðar króna sem var tæpum 1,0 milljarði króna hærri fjárhæð en frumvarpið gerði ráð fyrir. Við þriðju umræðu fjárlagafrumvarpsins voru eftirtaldar breytingar gerðar á tekjuhlið þess.

Tafla 21. Breytingar á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins

Í m.kr.	
Breyttar þjóðhagsforsendur	1.722
Breytt áform skattamála	-325
Aðrar breytingar	-421
	<u>976</u>

Heildargjöld ríkissjóðs skv. fjárlögum 1996 voru 124,8 milljarðar króna sem er 1,0 milljarði króna meira en frumvarpið gerði ráð fyrir. Eftirfarandi breytingar voru gerðar á gjaldahlið frumvarpsins við aðra og þriðju umræðu fjárlagafrumvarpsins á Alþingi.

Tafla 22. Breytingar á gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins

Í m.kr.	
Laun	527
Önnur gjöld – sértekjur	229
Eignakaup	37
Tilfærslur	254
	<u>1.047</u>

Verðlagsforsendur fjárlaga 1996 miðuðust við að áætlað meðalverðlag hækkaði um 3,7% milli ára 1995 og 1996. Launaþáttur taldist vera á meðalverðlagi ársins 1996 en skv. því var vegið meðaltal launabóta til stofnana frá fyrra ári 12,35%.

Tafla 23. Helstu stærðir fjárlaga fyrir árið 1996

Í m.kr.	1996	1995
<i>Rekstrarreikningur:</i>		
Tekjur	120.865	112.022
Gjöld	124.816	119.528
Gjöld umfram tekjur	3.951	7.436
<i>Lánahreyfingar:</i>		
Veitt lán nettó	-850	960
Hluta- og stofnframlag, viðskiptareikningar	1.000	1.000
Afborganir af teknum lánum	21.160	12.500
Heildarlánsfjárförf	25.261	21.896
Lántökur	-25.300	-21.900
Hækkun á handbæru fé	39	4

Viðauki 1

Stofnanir og fjárlagaliðir sem fóru 7 m.kr. eða meira yfir fjárheimild (m.kr.)

		1996	Fjárh.	Mism.	Hlutf.
01	901 Húsameistari ríkisins	39.283	-100	39.383	100,0%
02	201 Háskóli Íslands	1.832.905	1.785.135	47.770	2,7%
02	211 Tækniskóli Íslands	206.268	190.313	15.955	8,4%
02	302 Menntaskólinn á Akureyri	143.515	133.915	9.600	7,2%
02	303 Menntaskólinn á Laugarvatn	61.195	50.436	10.759	21,3%
02	304 Menntaskólinn við Hamrahlí	224.986	201.967	23.019	11,4%
02	308 Menntaskólinn í Kópavogi	142.103	131.840	10.263	7,8%
02	352 Flensborgarskóli	135.789	125.168	10.621	8,5%
02	359 Verkmenntaskólinn á Akurey	253.449	242.042	11.407	4,7%
02	564 Listdansskólinn	10.213	1.371	8.842	644,9%
02	701 Grunnskólar, Reykjanesi	1.492.387	1.345.899	146.488	10,9%
02	703 Grunnskólar, Vesturlandi	389.319	377.668	11.651	3,1%
02	706 Grunnskólar, Norðurlandi e	639.027	614.617	24.410	4,0%
02	707 Grunnskólar, Austurlandi	341.965	334.714	7.251	2,2%
02	884 Jöfnun á námskostnaði	125.305	103.905	21.400	20,6%
02	903 Þjóðskjalasafn Íslands	58.308	49.079	9.229	18,8%
02	976 Menningarsjóður	22.604	13.524	9.080	67,1%
02	981 Kvikmyndasjóður	129.762	109.838	19.924	18,1%
02	983 Ýmis fræðistörf	22.089	13.451	8.638	64,2%
02	999 Ýmislegt	44.655	36.125	8.530	23,6%
03	101 Utanríkisráðuneyti, aðalsk	432.454	395.495	36.959	9,3%
03	201 Sýslumaðurinn á Keflavíkur	189.555	176.593	12.962	7,3%
04	233 Yfirdýralæknir	116.698	109.320	7.378	6,7%
04	271 Bændaskólinn á Hólum	133.412	113.926	19.486	17,1%
04	805 Greiðslur vegna sauðfjárfr	2.954.759	2.812.204	142.555	5,1%
06	302 Rannsóknarlögregla ríkisins	202.572	192.531	10.041	5,2%
06	412 Sýslumaðurinn á Akranesi	76.215	57.138	19.077	33,4%
06	434 Sýslumaðurinn í Keflavík	211.693	204.085	7.608	3,7%
06	490 Ýmis rekstrarkostnaður sýs	131.823	101.318	30.505	30,1%
06	491 Húsnæði og búnaður sýsluma	96.963	75.261	21.702	28,8%
07	331 Vinnueftirlit ríkisins	144.500	117.058	27.442	23,4%
07	701 Málefni fatlaðra, Reykjaví	312.356	298.588	13.768	4,6%
07	708 Málefni fatlaðra, Suðurlan	134.842	126.498	8.344	6,6%
07	711 Styrktarfélag vangefinna	226.707	215.026	11.681	5,4%
07	984 Atvinnuleysisstryggingasjóð	3.065.556	3.040.000	25.556	0,8%
08	201 Tryggingastofnun ríkisins	498.638	483.192	15.446	3,2%
08	206 Sjúkratryggingar	11.254.800	11.142.800	112.000	1,0%
08	301 Landlæknir	61.895	51.765	10.130	19,6%
08	371 Ríkisspítalar	7.371.709	7.359.338	12.371	0,2%
08	510 Heilsuverndarstöðin í Reyk	333.891	322.150	11.741	3,6%
08	512 Heilsugæsla í Rvík, Austur	64.983	57.672	7.311	12,7%
08	514 Heilsugæsla í Reykjavík, V	49.373	40.846	8.527	20,9%
08	582 Heilsugæslustöðin Hafnarfi	67.323	56.998	10.325	18,1%
14	101 Umhverfissráðuneyti, aðalsk	104.332	97.054	7.278	7,5%
14	221 Hollustuvernd ríkisins	120.418	108.757	11.661	10,7%
14	401 Náttúrufræðistofnun Ísland	85.338	78.326	7.012	9,0%

Stofnanir og fjárlagaliðir sem fóru 7 m.kr. eða meira yfir fjárheimild (m.kr.)

		1996	1995	1994
01	901 Húsameistari ríkisins	39.383	28.622	14.799
02	201 Háskóli Íslands	47.770	6.310	1.944
02	211 Tækniskóli Íslands	15.955	900	-9.976
02	302 Menntaskólinn á Akureyri	9.600	-1.119	0
02	303 Menntaskólinn á Laugarvatni	10.759	3.930	1.852
02	304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	23.019	16.313	11.932
02	308 Menntaskólinn í Kópavogi	10.263	5.175	0
02	352 Flensborgarskóli	10.621	1.905	4.676
02	359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	11.407	6.491	4.901
02	564 Listdansskólinn	8.842	-	-
02	701 Grunnskólar, Reykjanesi	146.488	67.249	48.752
02	703 Grunnskólar, Vesturlandi	11.651	4.695	1.883
02	706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra	24.410	-4.373	-4.367
02	707 Grunnskólar, Austurlandi	7.251	2.284	2.170
02	884 Jöfnun á námskostnaði	21.400	7.595	7.831
02	903 Þjóðskjalasafn Íslands	9.229	5.121	4.018
02	976 Menningarsjóður	9.080	-1.024	-2
02	981 Kvikmyndasjóður	19.924	-8.238	929
02	983 Ýmis fræðistörf	8.638	13.828	11.943
02	999 Ýmislegt	8.530	1.135	2.570
03	101 Utanríkisráðuneyti, aðalskr.	36.959	19.005	-8.220
03	201 Sýslumaðurinn á Keflavík	12.962	4.480	6.153
04	233 Yfirdýralæknir	7.378	6.776	-5.137
04	271 Bændaskólinn á Hólum	19.486	7.174	497
04	805 Greiðslur vegna sauðfjárframl.	142.555	-143.604	-16.423
06	302 Rannsóknarlögregla ríkisins	10.041	1.961	-2.517
06	412 Sýslumaðurinn á Akranesi	19.077	16.160	17.587
06	434 Sýslumaðurinn í Keflavík	7.608	4.735	4.080
06	490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslum.	30.505	29.811	-13.047
06	491 Húsnæði og búnaður sýslum.	21.702	24.739	-13.525
07	331 Vinnueftirlit ríkisins	27.442	14.092	11.738
07	701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	13.768	10.130	1.132
07	708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	8.344	2.802	-2.599
07	711 Styrktarfélag vangefinna	11.681	5.774	0
07	984 Atvinnuleysistryggingasjóð	25.556	-21.300	-246.491
08	201 Tryggingastofnun ríkisins	15.446	10.408	-8.452
08	206 Sjúkratryggingar	112.000	107.080	54.098
08	301 Landlæknir	10.130	5.935	5.869
08	371 Ríkisspítalar	12.371	33.592	12.524
08	510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	11.741	5.420	12.992
08	512 Heilsugæsla í Rvík, Austurlandi	7.311	4.276	0
08	514 Heilsugæsla í Rvík, Vesturb.umd.	8.527	6.032	1.703
08	582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	10.325	-104	2.799
14	101 Umhverfisráðuneyti, aðalskr.	7.278	5.695	6.423
14	221 Hollustuvernd ríkisins	11.661	3.453	-
14	401 Náttúrufræðistofnun Íslands	7.012	-26	-1.815

Viðauki 2

Stofnanir og fjárlagaliðir sem áttu 7 m.kr. eða meira í ónýttri fjárheimild (m.kr.)

		1996	Fjárheim.	mism.	Hlutf.
00	620 Ríkisendurskoðun	163.654	171.815	-8.161	-4,7%
01	101 Forsætisráðuneyti, aðalskr	87.974	113.055	-25.081	-22,2%
01	231 Norræna ráðherranefndin	99.384	108.932	-9.548	-8,8%
02	269 Háskóla- og vísindast., við	109.134	126.014	-16.880	-13,4%
02	299 Háskóla- og rannsóknastarf	49.588	59.124	-9.536	-16,1%
02	318 Framhaldsskólar, viðhald o	938.123	1.068.150	-130.027	-12,2%
02	319 Framhaldsskólar, almennt	134.686	174.649	-39.963	-22,9%
02	514 Iðnskólinn í Reykjavík	422.745	440.892	-18.147	-4,1%
02	524 Þroskaþjálfaskóli Íslands	27.190	35.956	-8.766	-24,4%
02	720 Grunnskólar, óskipt	300.547	427.821	-127.274	-29,7%
02	969 Menningarstofnanir, viðhald	200.939	344.460	-143.521	-41,7%
02	978 Listasjóðir	111.851	182.405	-70.554	-38,7%
02	979 Húsafríðunarsjóður	588	14.837	-14.249	-96,0%
02	982 Listir, framlög	212.962	243.464	-30.502	-12,5%
02	985 Alþjóðleg samskipti	227.983	246.927	-18.944	-7,7%
03	391 Þróunarmál og alþjóðl. hjá	63.750	228.836	-165.086	-72,1%
03	401 Alþjóðastofnanir	388.364	493.545	-105.181	-21,3%
04	801 Greiðslur vegna mjólkurfra	2.673.358	2.706.553	-33.195	-1,2%
04	851 Greiðslur vegna riðuveiki	43.414	65.000	-21.586	-33,2%
05	190 Ýmis verkefni	137.234	176.044	-38.810	-22,0%
05	202 Hafrannsóknastofnun	643.914	668.898	-24.984	-3,7%
06	102 Stjórnartíðindi	-1.362	7.644	-9.006	-117,8%
06	103 Lagasafn	-9.536	-329	-9.207	2798,5%
06	190 Ýmis verkefni	10.205	28.675	-18.470	-64,4%
06	218 Héraðsdómur Reykjaness	54.886	64.608	-9.722	-15,0%
06	231 Málskostnaður í opinberum	68.443	84.600	-16.157	-19,1%
06	235 Bætur brotaþola	16.073	45.000	-28.927	-64,3%
06	325 Neyðarsímsvörun	21.985	29.000	-7.015	-24,2%
06	331 Umferðarráð	-8.499	3.676	-12.175	-331,2%
06	395 Landhelgisgæsla Íslands	747.529	759.073	-11.544	-1,5%
06	436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirð	225.425	238.647	-13.222	-5,5%
07	101 Félagsmálaráðuneyti, aðals	109.727	121.388	-11.661	-9,6%
07	321 Brunamálastofnun ríkisins	-24.016	23.387	-47.403	-202,7%
07	795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	393.582	426.078	-32.496	-7,6%
07	950 Rekstrarhagræðing	0	7.286	-7.286	-100,0%
07	981 Vinnumál	106.784	153.484	-46.700	-30,4%
07	982 Ábyrgðasjóður launa	147.272	200.000	-52.728	-26,4%
07	983 Ríkisábyrgð á launum, endu	-13.818	0	-13.818	-
07	999 Félagsmál, ýmis starfsemi	182.143	202.874	-20.731	-10,2%
08	204 Lífeyristryggingar	13.700.000	13.900.000	-200.000	-1,4%
08	396 Lyfjanefnd	1.433	8.513	-7.080	-83,2%
08	399 Heilbrigðismál, ýmis starf	251.272	261.730	-10.458	-4,0%
08	621 Áfengisvarnir og bindindis	40.461	53.286	-12.825	-24,1%
09	201 Ríkisskattstjóri	320.498	332.002	-11.504	-3,5%
09	212 Skattamál, ýmis útgjöld	38.435	77.431	-38.996	-50,4%
09	250 Innheimtukostnaður	141.544	151.600	-10.056	-6,6%
09	381 Uppbætur á lífeyri	1.001.474	1.030.000	-28.526	-2,8%

09	481 Útgjöld samkvæmt heimildar	19.888	38.832	-18.944	-48,8%
09	801 Ýmis lán ríkissjóðs, vexti	23.831.941	23.900.000	-68.059	-0,3%
09	971 Ríkisábyrgðir og tjónabætu	16.324	175.999	-159.675	-90,7%
09	981 Ýmsar fasteignir ríkissjóð	163.164	223.406	-60.242	-27,0%
09	989 Launa- og verðlagsmál	0	27.452	-27.452	-100,0%
09	995 Skýrsluvélakostnaður	442.812	552.545	-109.733	-19,9%
09	999 Ýmis verkefni	776.040	799.491	-23.451	-2,9%
10	190 Ýmis verkefni	179.091	224.834	-45.743	-20,3%
10	211 Vegagerðin	7.044.702	7.077.200	-32.498	-0,5%
10	511 Fjarskiptaeftirlit ríkisin	-5.260	3.353	-8.613	-256,9%
11	102 Einkaleyfastofan	-6.144	4.638	-10.782	-232,5%
11	299 Iðja og iðnaður, framlög	89.007	104.216	-15.209	-14,6%
14	281 Styrkir til fráveitna svei	74.910	100.000	-25.090	-25,1%

Stofnanir og fjárlagaliðir sem áttu 7 m.kr. eða meira í ónýttri fjárheimild (m.kr.)

		1996	1995	1994
00	620 Ríkisendurskoðun	-8.161	-10.715	-14.106
01	101 Forsætisráðuneyti, aðalskr.	-25.081	35	5.590
01	231 Norræna ráðherranefndin	-9.548	4.332	698
02	269 Háskóla- og vísindast., viðh. og stofnk.	-16.880	3.014	-
02	299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	-9.536	-8.261	-3.918
02	318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnk.	-130.027	-311.944	-93.937
02	319 Framhaldsskólar, almennt	-39.963	-43.591	-41.761
02	514 Iðnskólinn í Reykjavík	-18.147	-12.682	-2.739
02	524 Þroskaþjálfaskóli Íslands	-8.766	-8.347	-5.223
02	720 Grunnskólar, óskipt	-127.274	-17.320	-23.422
02	969 Menningarstofnanir, viðhald	-143.521	49.891	71.120
02	978 Listasjóðir	-70.554	-52.405	-44.889
02	979 Húsafríðunarsjóður	-14.249	-663	262
02	982 Listir, framlög	-30.502	-9.623	-3.627
02	985 Alþjóðleg samskipti	-18.944	-373	-6.019
03	391 Þróunarmál og alþjóðl. hjálparst.	-165.086	-81.469	-53.071
03	401 Alþjóðastofnanir	-105.181	-104.545	-50.588
04	801 Greiðslur vegna mjólkurframl.	-33.195	-16.453	-8.723
04	851 Greiðslur vegna riðuveiki	-21.586	-23.022	-27.938
05	190 Ýmis verkefni	-38.810	-46.877	-26.180
05	202 Hafrannsóknastofnun	-24.984	-14.239	-2.797
06	102 Stjórnartíðindi	-9.006	-8.744	-5.723
06	103 Lagasafn	-9.207	-529	-170
06	190 Ýmis verkefni	-18.470	-57	5.764
06	218 Héraðsdómur Reykjaness	-9.722	-6.660	-4.210
06	231 Málskostnaður í opinberum málum	-16.157	-24.562	-4.324
06	235 Bætur brotaþola	-28.927	-	-
06	325 Neyðarsímsvörun	-7.015	-	-
06	331 Umferðarráð	-12.175	626	-2.680
06	395 Landhelgisgæsla Íslands	-11.544	-37.473	-67.649
06	436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	-13.222	-5.922	-8.195
07	101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskr.	-11.661	-12.323	-14.987
07	321 Brunamálastofnun ríkisins	-47.403	-32.687	-22.904
07	795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	-32.496	-81.078	-75.781
07	950 Rekstrarhagræðing	-7.286	-9.321	-1.600
07	981 Vinnumál	-46.700	-33.984	-9.444
07	982 Ábyrgðasjóður launa	-52.728	-74.691	-158.604
07	983 Ríkisábyrgð á launum	-13.818	-	-
07	999 Félagsmál, ýmis starfsemi	-20.731	-21.124	-17.305
08	204 Lífeyristryggingar	-200.000	-20.000	-81.000
08	396 Lyfjanefnd	-7.080	-8.513	-7.632
08	399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	-10.458	-15.154	-17.695
08	621 Áfengisvarnir og bindindismál	-12.825	3.286	1.348
09	201 Ríkisskattstjóri	-11.504	1.825	9.902
09	212 Skattamál, ýmis útgjöld	-38.996	-37.438	-40.098
09	250 Innheimtukostnaður	-10.056	-19.759	-12.828
09	381 Uppbætur á lífeyri	-28.526	-6.609	98.602
09	481 Útgjöld samkvæmt heimildarákv.	-18.944	-82.212	-110.483
09	801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	-68.059	-190.208	-445.503
09	971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur	-159.675	-166.040	-239.508

09	981 Ýmsar fasteignir ríkissjóð	-60.242	-64.138	-90.939
09	989 Launa- og verðlagsmál	-27.452	-53.480	-3.373
09	995 Skýrsluvélaakostnaður	-109.733	-85.477	-58.124
09	999 Ýmis verkefni	-23.451	-20.920	-44.023
10	190 Ýmis verkefni	-45.743	-40.418	-17.530
10	211 Vegagerðin	-32.498	0	5.143
10	511 Fjarskiptaeftirlit ríkisins	-8.613	3.353	3.784
11	102 Einkaleyfastofan	-10.782	4.638	3.300
11	299 Iðja og iðnaður, framlög	-15.209	-26.716	-23.252
14	281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	-25.090	-	-